

# Aa Bb

**SKOÐUN** Við verðum að muna að íslenska er fyrir okkur, skrifar Guðmundur Andri Thorsson 13



**MENNING** Íslenskur stóll hlýtur nafn Hugleiks Dagsonar, sem er afar hrifinn af stólum 26



**SPORT** Gylfi Þór Sigurðsson lagði upp mark þegar Tottenham komst í þriðja sætið í ensku úrvalsdeildinni. 22

**INTEL PENTIUM**  
**TOSHIBA** Sat C850-1C8  
**99.990**  
**TÖLVU LISTINN**  
 Ein af okkar vinsælustu fyrir hefðbundna tölvuvinnslu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. mars 2013  
53. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Markarfljóti stefnt í ranga átt?

Eldfjallafræðingur segir Markarfljóti stefnt í öfuga átt með því að færa það til austurs eins og nú er lagt til. 2

**Landlausir í Evrópusinnar** Evrópusinnar í Sjálfstæðisflokknum segjast landlausir eftir kjánalega ályktun landsfundar. 2

**Ný könnun** Minnihluti landsmanna, 45 prósent, leggur áherslu á að Alþingi ljúki stjórnarskrámalínu samkvæmt nýrri skoðanakönnun. 6

**Gnarr fyrirmyndin** Borgarstjóri Árósa í Danmörku kveðst taka Jón Gnarr borgarstjóra Reykjavíkur sér til fyrirmyndar. 8



Bolungarvík	-8°	NA18
Akureyri	-3°	N 12
Egilsstaðir	-2°	N 10
Kirkjubæjarkl.	-2°	NA 6
Reykjavík	-3°	NA14

**Hvassviðri eða stormur** 15-23 m/s um allt land í dag en hægar SA-til fyrrihluta dags. Snjócoma, einkum NA-til. Frost 2-10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

**FÓLK**  
**FASTEIGNIR**  
 LANDMARK  
 100% þjónusta = árangur!  
 Viltu selja? Pállegt og vel hannað einbýli í Hafnarfirði

# Telja ólöglegar þvottavélar herliðsins enn í umferð hér

Talið er að verið sé að selja og gefa þvottavélar úr íbúðunum á Vallarsvæðinu. Samkvæmt lögum á að farga vélunum. Framkvæmdastjóri Háskólagarða segir allt „sett á haugana“. Hringrás hefur fargað um 125 af 1.500.

**NEYTENDUR** Ekkert er vitað um afdrif í kring um eitt þúsund amerískra þvottavéla og þurrkara sem voru í íbúðum hersins á Vallarsvæðinu. Vélnar eru fyrir amerísk rafmagnskerfi og því var fyrirskipað af stjórnvöldum að þeim ætti að farga af öryggisástæðum. Fjöldinn er í kringum 1.500 vélar af hverju. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að selja og gefa vélnar undir borðið.

Ingví Jónasson, framkvæmdastjóri Háskólavalla, segir það rangt. Hann fullyrðir að vélnar hafi verið sendar til förgunar eða notaðar sem varahluti. Tækin séu þó ekki hættuleg í notkun.

„Þetta er ekki eitru heldur bara venjuleg rafmagnstæki. Eini

munurinn er sá að þau hafa ekki þennan íslenska stimpil sem þarf að vera,“ segir hann.

Spurður um afdrif þeirra amerísku véla sem hafa verið hreinsaðar út úr íbúðunum, segir hann flestar hafa verið notaðar í varahluti síðustu ár og það sem fer út „fari bara á haugana.“ Hann getur þó ekki tilgreint hvaða ruslahauga um ræðir.

„Það er einhver förgunaraðili sem hendir þeim. Verktakar fjarlægja þetta og fara með á haugana,“ segir hann. Spurður hvaða verktakar það séu segist Ingví ekki muna nöfnin á þeim.

Fréttablaðið komst þó að því að það eru Íslenskir aðalverktakar (ÍAV) sem sjá mestmegnis um framkvæmdir á svæðinu. Guðmundur

Pétursson, framkvæmdastjóri ÍAV, segist fullviss um að öll tækin séu send í förgun til Hringrásar.

Hringrás bærust 26 tonn af tækjum til förgunar árið 2010, sem gerir um 125 stykki af hverju, en hefur ekkert fengið síðan.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, segist hafa heyrt veður af því að verið sé að selja vélnar undir borðið. „Við munum skoða þetta betur því þetta er mjög alvarlegt mál,“ segir hann.

Mannvirkjastofnun fer með rafmagnsöryggiseftirlit á svæðinu og setur fram

Þetta er ekki eitru heldur bara venjuleg rafmagnstæki.

Ingví Jónasson, framkvæmdastjóri Háskólavalla

kröfur um að vélnar fari ekki inn á íslenskan markað. Jóhann Ólafsson sviðsstjóri tekur undir orð Kristjáns og segist hafa heyrt sögur af sölu vélnanna.

„Við höfum heyrt þetta af og til en auðvitað er þetta algjörlega bannað,“ segir hann. „Það eru skýr fyrirmæli frá okkur að vélnar eigi að fara í förgun.“

- sv / sjá síðu 6



**EINSTAKUR ÁRANGUR** Borðtenniskappinn Guðmundur Eggert Stephensen varð Íslandsmeistari 20. árið í röð í gær. hann vann fyrst er hann var 11 ára. Hann ætlar ekki að taka þátt á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Yngri fólk frekar á móti því að hömlur verði settar á landakaup útlendinga:


## Á móti landareign útlendinga

**KÖNNUN** Ríflega helmingur landsmanna, 55,6 prósent, vill að stjórnvöld setji frekari hömlur en nú eru á rétt útlendinga til að kaupa jarðeignir á Íslandi. Þetta kemur fram í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Alls voru 44,4 prósent aðspurðar á því að slíks væri ekki þörf.

Eldra fólk var meira fylgjandi slíkum hömlum; í aldurshópnum 50 ára og eldri voru 62,8 prósent fylgjandi frekari hömlum, en 37,2 prósent á móti. Í aldurshópnum 18 til 49 ára var naumur minnihluti hins vegar fylgjandi slíkum hömlum, 49,1 prósent, en 50,9 prósent voru andvíg.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar eru síst fylgjandi frekari hömlum

### Afstaða til landareignar útlendinga



á landakup útlendinga, en 42,9 prósent þeirra telja þörf á þeim. Þeir sem styðja Framsóknarflokkinn eru hins vegar harðastir á því að frekari takmarkanir þurfi, en 66,3 prósent þeirra telja þörf á frekari hömlum. Útlendingar áttu um síðustu ára-

mót 28 jarðir að fullu og hluta í 73 jörðum. Jarðir að fullu í eigu útlendinga eru 0,37 prósent af öllum jörðum á Íslandi, en sé tekið tillit til þeirra sem þeir eiga að hluta fer hlutfallið í 1,33 prósent.

- kóp, bj / sjá síðu 4

## Foreldrarnir létust báðir: Ófætt barn lifði af bílslys

**BANDARÍKIN, AP** Ung hjón létust í bílslysi í Brooklyn í New York í gær, en ófæddur sonur þeirra lifði af og kom í heiminn á spítala eftir að foreldrar hans voru úrskurðaðir láttnir þar.

Hjónin Nathan og Raizy Glauber voru 21 árs og voru á leiðinni á spítala í leigubíl þegar annar bíll ók inn í hliðina á bílnum. Bæði ökumaður og farþegi í þeim bíl flúðu af vettvangi og var leitað í gær.

Drengurinn er alvarlega slasaður en ökumaður bílsins er lítið slasaður.

Hjónin voru strangtrúaðir gyðingar og voru jörðuð strax í gær. Um 250 þúsund strangtrúaðir gyðingar búa í Brooklyn, sem er stærsta samfélag strangtrúaðra gyðinga utan Ísraels.

- þeb

www.kaupungull.is

## Græddu á gulli

**Kringlunni**  
**3. hæð mán. þri. mið. frá kl. 11.00 til 18.00**

Upplýsingar og tímapantanir: Sverrir s. 661-7000

HOLLT OG LJÚFFENGT Í HÁDEGINU

**SPÍRAN**  
 BORDUM VEL  
 GARDHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6



## SPURNING DAGSINS



Gunnar, er slegist um að berjast við Pyle?

„Ég Pyle ekki í því.“

Gunnar Nelson keppir við Mike Pyle á stærsta sviði UFC-bardagaheimsins í Las Vegas hinn 25. maí. Pyle er þrettándi á heimslistanum í veltivigt og sterkasti andstæðingur Gunnars hingað til.

Evrópusinnar í Sjálfstæðisflokknum segja sátt hafa verið rofna á landsfundi og fordæma ritskoðun:

## Segjast landlausir eftir „kjánalega“ ályktun

**STJÓRN MÁL** „Maður heyrir á mörgum að þeim finnst þeir vera landlausir eftir þetta,“ segir Benedikt Jóhannesson, sem kveður Evrópusinna innan Sjálfstæðisflokksins afar ósátta við ályktanir landsfundar flokksins um að hætta eigi viðræðum um að aðild að Evrópusambandinu.

Benedikt gagnrýnir að í ályktun landsfundarinnar hafi fyrra orðalag um gera eigi hlé á aðildarviðræðum verið breytt í að stöðva eigi viðræðurnar.

„Þarna er í raun málamíðun og

samkomulag sem er rofið. Auðvitað er þetta mjög bagalegt því að flestu öðru leyti eiga menn ágæta samleið,“ segir Benedikt, sem nefnir einnig það sem hann kallar „kjánalegan“ kafla um íhlutun sendiherra Evrópusambandsins og að það eigi að loka upplýsingaskrifstofu Evrópusambandsins.

„Þetta er nú eiginlega bara fáheyrnt út í ritskoðun. Þetta er svona eins og smáflokkar samþykktu fyrir fjóru-tíu árum; Fylkingin eða kommúnista-samtökin samþykktu eitthvað svona

um Menningarstofnun Bandaríkjanna. En að Sjálfstæðisflokkurinn, sem verið hefur stærsti flokkurinn, sé að samþykkja þetta um sendiráð vinnbjóða finnst mér flokknum til mikillar skammar,“ segir Benedikt.

Sjálfstæðir Evrópusinnar þar sem Benedikt gegnir formennsku munu funda síðdegis í dag. Hann segir að þangað muni mæta til viðræðna tveir frambjóðendur flokksins sem hlynntir séu því að ljúka aðildarviðræðunum; þeir Brynjar Níelsson og Vilhjálmur Bjarnason.



**BENEDIKT JÓHANNESSON** Formaður Sjálfstæðra Evrópusinna segir ályktun landsfundar vera Sjálfstæðisflokknum til skammar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FORSETI ALÞINGIS** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kveður þingmenn með kvöldverði.

Tveggja milljóna árshátíð:

## Fyrsta veislan eftir hrúnið

**STJÓRNSÝSLA** Alþingi hélt þingmannaveislu á Hótel Sögu á laugardagskvöld. Þangað var boðið þingmönnum og varapingmönnum og mökum auk forseta Íslands og nokkurra embættismanna.

Fyrir hrún voru þingmannaveislur árlegur viðburður en Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir veisluna nú þá fyrstu á kjörtímabilinu. Um 130 manns hafi mætt. Áætlaður kostnaður með veitingum og skemmtiatriðum sé um tvær milljónir króna. Um hafi verið að ræða eins konar skilnaðarveislu í lok kjörtímabils.

„Forseta Alþingis fannst rétt að bjóða þingmönnum og varapingmönnum til kvöldverðar rétt fyrir þinglok,“ segir Helgi.

Elísabet II. lögð inn á spítala:

## Drottningin þjáist af pest

**LONDON** Elísabet II. Bretlandsdrottning var lögð inn á sjúkrahús í Lundúnum í gær. Drottningin þjáist af magapest og gekkst undir læknisrannsókn á King Edward VII spítalanum í gær.

Að sögn talsmanns konungsfjölskyldunnar er búið að aflýsa eða fresta öllum fundum drottningarinnar út vikuna. Drottningin er 86 ára gömul og hefur sjaldan látið veikindi koma í veg fyrir að hún sinni starfi sínu.

Notendanöfn í erfðaskrána:

## Huga þarf að sýndarlífinu

**TÆKNI** Bandarískur lögfræðingur í sífjarétti segir að nú sé ekki nóg að fólk gangi aðeins frá málum eins og skiptingu eigna í kjölfar dauðsfalls heldur þurfi einnig að huga að sýndarlífinu. James Lamm mælir með nokkrum einföldum skrefum í þeim efnum, þar á meðal að fólk geymi afrit af ljósmyndum á USB-lykli eða hörðum disk.

Lamm mælir einnig með að fólk haldi lista yfir öll forritin sem það notar, þar á meðal samskiptaforrit, netföng og heima-banka. Einnig þurfi að halda lykilorðum og notendanöfnum til haga. Lamm segir best að láta slíka lista í erfðaskrá sína og láta lögfræðing um að ganga frá slíkum málum.

Atvinnuvegaráðherra:

## Áhyggjur af ESB óþarfar

**STJÓRN MÁL** Áhyggjur bænda af því að Ísland sé á hraðri leið inn í Evrópusambandið eru óþarfar. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra í ræðu sinni á búnaðarþingi, sem hófst í gær.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Evrópusambandsins. Hann sagði ljóst að markaður væri fyrir íslenskar vörur og viðræður væru í gangi um að fá stækkaða útflutningskvóta fyrir smjör og skyr. „Það komst góður skriður á málin eftir fundi sem ég átti í Brussel með toppnum þar í byrjun síðasta árs,“ sagði Steingrímur.



**LANDEYJAHÖFN OG MARKARFLJÓT** Hér má sjá hvernig Markarfljót ber með sér aur til sjávar og bætir við sandinn sem hafaldan velkir inn í Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Telur Markarfljóti stefnt í þveröfuga átt

Eldfjallafræðingur segir stefnt með Markarfljóti í öfuga átt með tillögu Dönsku straumfræðistofnunarinnar um að færa það í austur til að minnka sandburð í Landeyjahöfn. Vonandi skoðist málið betur áður en menn ákveði að „kasta krónum í sjóinn“.

**FRAMKVÆMDIR** „Viturlegri ráðstöfun, ef yfirleitt á að halda þessari höfn við, væri að flytja Markarfljót til vesturs,“ segir Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur um þau áform að beina Markarfljóti 2,5 kílómetra til austurs til að minnka sandburð í Landeyjahöfn.

Haraldur ræðir tillögu Dönsku straumfræðistofnunarinnar um tilfærslu Markarfljóts á bloggi sínu. „Það er ljóst að sandrifið sem myndast vegna aurburðar frá Markarfljóti til hafs er fyrst og fremst fyrir vestan Landeyjahöfn,“ segir Haraldur á vulkan.blog.is. „Ríkjandi straumar og tilfærsla efnis eru hér frá austri til vesturs, alla jafna, og þessi hreyfing efnis heldur sandrifinu við fyrir sunnan og vestan Landeyjahöfn.“

Þá segir Haraldur flutning

mynnis Markarfljóts til austurs aðeins munu seinka fyllingu hafnarinnar. „Það dregur mikið úr straumhraða þar sem Markarfljót breiðist út yfir áreyrar og mætir hafinu. Staðsetning hafnar á slíku stað er því sennilega ekki gott ráð. Vonandi fáum við að heyra frekar um niðurstöður Dana varðandi strauma og set á þessu svæði áður en frekari ákvarðanir verða teknar um að kasta krónum í sjóinn hér,“ segir Haraldur.

Þá bendir Haraldur á að árlegur framburður Markarfljóts sé um 100 þúsund rúmmetrar af sandi og aur. „Þetta er og verður alltaf vandræðamál, enda var höfnin upprunalega staðsett með aðeins einu markmiði: að fá styttestu siglingaleið til Vestmannaeyja,“ skrifar hann. Á ákveðnu svæði fyrir framan Landeyjahöfn detti öldu-

„Vonandi fáum við að heyra frekar um niðurstöður Dana varðandi strauma og set á þessu svæði áður en frekari ákvarðanir verða teknar um að kasta krónum í sjóinn hér.“

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur

hæð alveg niður vegna skjóls frá Vestmannaeyjum.

„Þetta er svæðið þar sem dregur úr hreyfingu sets og þar sem set fellur á botninn og myndar rif og setlög. Þessi öldugangsskuggi hefur meðal annars myndað og haldið við sandrifinu sem liggur beint fyrir framan Landeyjahöfn,“ segir eldfjallafræðingurinn Haraldur Sigurðsson á bloggi sínu.

gar@frettabladid.is

Kim Jong-un, leiðtogi N-Kóreu, gæti rætt um körfubolta við kollegann:

## Vill símtal frá Bandaríkjaforseta

**NORÐUR-KÓREA, AP** Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, vill að Barack Obama Bandaríkjaforseti hringi í hann. Þetta segir fyrrverandi körfubolta maðurinn Dennis Rodman, sem heimsótti Norður-Kóreu í síðustu viku.

„Hann elskar körfubolta. Ég sagði honum að Obama elskaði körfubolta. Byrjum þar,“ sagði Rodman í samtali við ABC-fréttastofuna. Rodman segir Kim einnig hafa sagt við sig að hann hefði engan áhuga á stríðsrekstri.

Bandarísk yfirvöld gagnrýndu Norður-Kóreu í síðustu viku fyrir að borga mat og drykk fyrir Rodman á meðan norðurkóreska þjóðin slyti. Rodman sagði í viðtalinu við ABC að hann vissi um mannréttindabrot Norður-Kóreu, og að hann ætlaði ekki að afsaka Kim. „Hann er góður maður fyrir mér. Sem manneskja við manneskju, þá er hann vinur minn. Ég samþykki ekki það sem hann gerir.“

Rodman segist ætla að fara aftur til ríkisins á næstunni til þess að kynna þvi betur hvað raunverulega eigi sér þar stað.



**Á GÓÐRI STUNDU** Kim Jong-un og Dennis Rodman horfðu saman á körfuboltaleik fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leggðu nú við hlustir!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# ÞRÍR SNJALLIR, MEÐ SNJALLASKRIFT

300 MÍN. 300 SMS/MMS. 300 MB. **2.990 KR.**



-10.000 KR.

## Sony Xperia J

Fullt verð: **44.990 kr.**

Tilboð með Snjalláskrift:

**34.990 kr.**



-15.000 KR.

## Samsung Galaxy S II

Fullt verð: **74.990 kr.**

Tilboð með Snjalláskrift:

**59.990 kr.**



-10.000 KR.

## Samsung Ace II

Fullt verð: **54.990 kr.**

Tilboð með Snjalláskrift:

**44.990 kr.**

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



**GENGIÐ**  
01.03.2013

	Bandaríkjadalur	123,97	124,57
	Sterlingspund	186,43	187,33
	Evra	161,65	162,55
	Dönsk króna	21,678	21,804
	Norsk króna	21,544	21,67
	Sænsk króna	19,262	19,374
	Japanskt jen	1,3353	1,3431
	SDR	186,98	188,1

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
220,7364

Hæsta tré landsins að finna í skóginum fyrir ofan byggðina á Kirkjubæjarklaustri:

# Sitkagreni á Klaustri rauf 25 metra múrinn

**NÁTTÚRUFAR** Hæsta tré landsins er sitkagreni sem vex á Kirkjubæjarklaustri, að því er fram kemur á vef Skógræktar ríkisins. Þegar skógarvörðurinn á Suðurlandi mældi þar tré nýverið reyndist eitt þeirra 25,2 metrar á hæð.

„Er þetta að öllum líkindum fyrsta tré sem rýfur 25 metra hæðarmúrinn og það hæsta á landinu,“ segir í umfjöllun Skógræktarinnar. Fjöldmörg tré í skóginum sem vex í brekkunum fyrir ofan byggðina á Kirkjubæjarklaustri eru sögð hafa vaxið yfir tuttugu metra hæð og nokkur eru sögð rúmlega 24 metra há.

Þá kemur fram að í skóginum sé eitt af rúmmálmestu trjám landsins. Þannig er sverasta tréð sagt með um 65 sentímetra þvermál í brjósthæð og um 23,7 metrar á hæð. „Má áætla að trjábólurinn gæti náð þremur rúmmetrum víðar.“

Skógurinn á Kirkjubæjarklaustri er í einkaeigu en hefur verið í umsjá Skógræktarinnar síðan 1964. „Trén á Klaustri eru enn í fullum vexti og verður spennandi að fylgjast með vexti þeirra, en þau gætu, miðað við núverandi vaxtarhraða, náð 30 metra hæð á næstu 10 til 15 árum,“ segir í umfjöllun Skógræktarinnar.



**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR** Sitkagreni hefur vaxið vel í Klausturskóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HORFINN** Jeff Bush lá sofandi í herbergi sínu þegar það hvarf ofan í vatnsþytt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Björgunarmenn hætta leit: Maður hvarf ofan í jörðina

**BANDARÍKIN, AP** Leit að bandarískum karlmanni sem hvarf ofan í vatnsþytt á heimili sínu á laugardag hefur verið hætt.

Jeff Bush lá sofandi í rúmi sínu í Flórída þegar herbergi hans hvarf ofan í jörðina. Björgunarmenn hafa átt erfitt með að athafna sig þar sem jarðsprungan er enn að stækka og gerir björgunarstörf hættuleg. Óvíst er að líkið af Bush finnist nokkurn tíma. Bróðir fórnarlambins sagðist hafa heyrt miklar drunur frá herbergi Bush. Hann hafi reynt að grafa hann upp úr holunni án árangurs. Hús í nágrenninu hafa verið rýmd því hætta er á að jarðsprungan stækki enn frekar.

## Lést í bíslýsi

Drengurinn sem lést í bíslýsi í Skagafirði á föstudag hét Blængur Mikael Bogason. Hann var fæddur árið 2001 og var nýorðinn tólf ára gamall. Blængur var búsettur á Akureyri.


Hann var farþegi í bíl sem valt skammt frá Kotá í Norðurárdal í Skagafirði. Þrír slös-uðust í slysinu.

# Meirihluti vill takmarka rétt útlendinga til að kaupa land

Ríflega helmingur vill hömlur á rétt útlendinga til að kaupa land á Íslandi. Stuðningsmenn Framsóknarflokks og Vinstri grænna eru helst fylgjandi hömlum en stuðningsmenn Samfylkingar síst fylgjandi þeim.

## AFSTAÐA TIL LANDAREIGNAR ÚTLENDINGA Á ÍSLANDI

Spurt var: Vilt þú að settar verði frekari hömlur á rétt útlendinga til að kaupa land á Íslandi?



100% HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 27. OG 28. FEBRÚAR 2013

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna vill að stjórnvöld setji frekari hömlur en nú eru á rétt útlendinga til að kaupa land á Íslandi, samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir helgi.

Alls sögðust 55,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku til spurningarinnar vilja að frekari hömlur yrðu settar á landakaup útlendinga, en 44,4 prósent töldu ekki þörf á því.

Útlendingar eiga að fullu, eða hluta, 101 jörð hér á landi. Á síðustu sjö árum hafa útlendingar eignast 13 jarðir að fullu hér á landi.

Konur eru frekar á þeirri skoðun að auka verði hömlurnar, 61,3 prósent kvenna eru þeirrar skoðunar samborið við 50,1 prósent karla. Þá eru þeir sem eldri eru frekar á því að torvelða eigi útlendingum frekar að kaupa land. Alls eru 62,8 prósent fólks 50 ára og eldri þeirrar skoðunar, samborið við 49,1 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar eru síst á því að herða eigi reglur um landakaup útlendinga. Alls eru 42,9 prósent stuðningsmanna flokksins þeirrar skoðunar. Heldur herra hlutfall stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, 47,9 prósent, deilir þeirri skoðun.

Þeir sem styðja Framsóknarflokkinn eru harðastir á þeirri skoðun að setja eigi frekari takmarkanir á landakaup útlendinga, alls 66,3 prósent. Hlutfallið er svipað meðal stuðningsmanna Vinstri grænna, 62,5 prósent.

Stuðningsmenn Bjartrar framtíðar, fimmta framboðsins sem myndi ná mönnum á þing samkvæmt sömu könnun, skiptast í tvo svipaða hópa. Um 51,6 prósent telja að setja eigi frekari hömlur á landakaup útlendinga, en 48,4 prósent vilja ekki frekari hömlur.

Hringt var í 1.329 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 27. janúar og fimmtudaginn 28. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Vilt þú að settar verði frekari hömlur á rétt útlendinga til að kaupa land á Íslandi? Alls tók 83,1 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is kolbeinn@frettabladid.is

## Útlendingar eiga 0,37 prósent jarða

Jarðir að fullu í eigu útlendinga eru 28 talsins, eða 0,37 prósent allra jarða, og að auki eiga þeir hluta í 73 jörðum, eða 1,33 prósentum allra jarða. Samtals eiga þeir, að fullu eða hluta, 101 jörð. Þetta þarf þó ekki að vera tæmandi listi, þar sem útlendingar geta átt í eignarhaldsfélögum. Langflest þeirra eiga aðeins eina jörð.

Magnús Leópolðsson fasteignasali segir örfá tilvik koma upp árlega þar sem útlendingar kaupi jarðir. Langoftast séu það menn sem séu mjög tengdir Íslandi, hafi komið árum saman til veiða, svo dæmi sé nefnt.


**101**  
Er fjöldi þeirra jarða sem útlendingar eiga, að fullu eða hluta, hérlandis. Langflestir eiga aðeins eina jörð.

## → Jarðir sem útlendingar eignuðust að fullu



## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**EKKERT ÚTIVISTARVEÐUR** næstu daga. Hvassviðri eða stormur S- og V-lands á morgun og á miðvikudag. Snjócoma eða él N- og A-lands. Talsvert frost, að 14 stigum fyrir norðan.

Alicante 15°	Billund 6°	Gautaborg 4°	London 9°	Orlando 18°	San Francisco 15°
Basel 13°	Frankfurt 9°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 18°	Ósló 1°	Stokkhólmur 1°
Berlín 7°	Friedrichshafen 9°	Las Palmas 21°	New York 5°	París 13°	

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



**ora**  
Ástríða í matargerð

**ÍSLENSK KJÖTSÚPA**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt & gott



# TAXA



## SÍÐASTI DAGUR!

# FREE

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

**KOMDU  
OG GERÐU  
FRÁBÆR  
KAUP!**



AFNEMUM  
VIRÐISAUKASKATT  
AF ÖLLUM VÖRUM.  
TAX FREE TILBOÐ  
JAFNGILDIR **20.32%**  
AFSLÆTTI. AFSLÁTT-  
URINN ER Á KOSTNAÐ  
RÚMFATALAGERSINS.  
VIRÐISAUKA ER AÐ  
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ  
TIL RÍKISSJÓÐS.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða stjórnmalamaður nýtur mest trausts til að leiða ríkisstjórn?
2. Hvaða tónlistarhátíð er verið að ræða að halda á Íslandi í sumar?
3. Hvar verður næsti bardagi Gunnars Nelsson haldinn?

**SVÖR:**  
1. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson 2. All Tomorrow's Parties 3. í Las Vegas

Skiptar skoðanir eru um tillögu Árna Páls Árnasonar um að halda áfram málinu á næsta þingi:

## Ræða um framhald stjórnarskrárinnar

**STJÓRNMÁL** Ekki er einhugur um tillögu Árna Páls Árnasonar, formanns Samfylkingarinnar, um að semja um framhald stjórnarskrármálsins á næsta kjörtímabili. Formenn stjórnmalaflokkanna munu ræða um framhaldið í þessari viku.

Árni Páll sagði við RÚV um helgina ljóst að Alþingi næði ekki að klára málið í heild sinni fyrir lok þessa þings. Hann vill að þingið álykti um að vinna við nýja stjórnarskrá haldi áfram á næsta kjörtímabili og ákvæði um auðlindir verði samþykkt nú.

Þetta segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ekki hægt. Ekki sé mögulegt að binda hendur næsta þings og sjálf-

stæðismenn muni ekki samþykkja óbreytt auðlindaákvæði. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, er jákvæður fyrir tillögu Árna Páls. Þingmenn Hreyfingarinnar vilja sem fyrr að málið verði klárað á þessu þingi.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, sagði á heimasíðu sinni í gær að allir flokkar utan Sjálfstæðisflokks ættu vel að geta sameinast um lyktir málsins með þessum hætti.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær.



**ÁRNI** Formaðurinn segir nauðsynlegt að horfast í augu við stöðuna og tryggja framhaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SUNDAHÖFN** Hugmyndir um strandsiglingar hafa verið lengi til umræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilraun til sex ára:

## Útboð fyrir strandsiglingar

**ATVINNULÍF** Ríkisstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti í gær tillögu Ógmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að hefja útboð fyrir strandsiglingar. Ógmundi og Katrínu Júlíusdóttur fjármálaráðherra var falin framkvæmd útboðsins þannig að strandsiglingar gætu hafist síðar á þessu ári.

Um er að ræða tilraunaverkefni til sex ára þar sem siglt yrði vikulega á allt að sjö hafnir og er gert ráð fyrir að fastbinda fjórar hafnir sérstaklega í útboðinu; Reykjavík, Ísafjörð, Akureyri og Reyðarfjörð. Fleiri hafnir kæmu til greina sem fastir viðkomustaðir en aðrar hafnir eftir atvikum.

-shá

Átta handteknir í S-Afríku:

## Maður lést eftir lögregluofbeldi

**SUDUR-AFRÍKA** Átta lögreglumenn voru handteknir í Suður-Afríku á föstudaginn sakaðir um að bera ábyrgð á dauða mósambískis leigubílstjóra. Til eru upptökur af atburðinum þar sem maðurinn sést tala við lögreglumennina og virðist vera heitt í hamsi. Þá sést hvernig lögreglumennirnir taka manninn, handjárnna hann aftan í bifreið sína og aka af stað, dragandi hann eftir veginum. Samkvæmt Amnesty International lést maðurinn úr höfuðáverkum nokkrum klukkutímum síðar, þá í haldi lögreglu.

Atburðurinn gerðist í úthverfinu Daveyton sem er í grennd við Jóhannesborg og er sagður vera hörð áminning um það að lögregluofbeldi sé raunverulegt vandamál um gjörvalla Suður-Afríku.

### LÖGREGLUMÁL

#### Hótelgestir með fíkniefni

Fjórir einstaklingar voru handteknir á hótelherbergi í austurborg Reykjavíkur á sunnudagsmorgun vegna gruns um fíkniefnabrots. Þeir voru vistaðir í fangageymslu á meðan lögreglan rannsakaði málið.

#### Borgaði ekki leigubíllinn

Lögregla handtók á sjöunda tímanum í gærmorgun mann sem greiddi ekki fyrir leigubíl sem hann hafði tekið og hafði auk þess í hótunum. Manninum var stungið í fangageymslu á meðan reynt var að komast til botns í málinu.

# 10 prósentum vélanna fargað hjá Hringrás

Forstjóri Íslenskra aðalverktaka segir öllum þvottavélum úr íbúðum hersins fargað hjá Hringrás. Engin tæki hafa þó borist þangað síðan árið 2010. Vélarnar eru ólöglegar hér á landi. Framkvæmdastjóri Háskólavalla segir þeim hafa verið fargað.

**KEFLAVÍK** Framkvæmdastjóri Háskólavalla, Ingvi Jónasson, segir ekkert hæft í því að verið sé að selja eða gefa ólöglegar þvottavélar úr íbúðum á Vallarsvæðinu. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þvottavélar hafi verið gefnar eða seldar eftir að þær urðu ónothæfar í íbúðum Háskólavalla þar sem amerísku rafkerfi var skipt út fyrir það íslenska.

Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda á að farga vélunum, þar sem þær eru ekki hannaðar fyrir íslensk kerfi. Formaður Rafiðnaðarsambandsins og sviðsstjóri hjá Mannvirkjastofnun hafa báðir heyrt af því að vélarnar séu í umferð og segja það alvarlegt mál.

Félagið Háskólavellir á og rekur 1.506 íbúðir á vallarsvæðinu. Í hverri íbúð var eitt sett af heimilistækjum; þvottavél, þurrkari, eldavél og örbylgjuofn. Endurvinnslunni Hringrás bárust 26 tonn af tækjum frá Vellinum til förgunar árið 2010, sem gerir um 125 stykki af hverju.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Hringrásar hafa engin önnur heimilistæki komið frá Vellinum, hvorki fyrr né síðar. Starfsmaður benti á möguleikann að málmendurvinnslan Fura í Hafnarfirði hefði tekið á móti tækjum eftir árið 2010, en framkvæmdastjóri Furu segir engin tæki hafa komið þangað og vísar aftur á Hringrás þar sem gámarnir á svæðinu tilheyri þeim.

Ingvi fullyrðir að vélarnar hafi verið sendar til förgunar eða notaðar sem varahlutir. Tækin séu þó ekki hættuleg í notkun.

„Þetta er ekki eitru heldur bara



**ÍBÚÐIR VARNARLIÐSINS** Háskólavellir eiga um 1.500 íbúðir sem áður voru í eigu hersins. Enn er verið að nota heimilistækin í um 200 íbúðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Upplýsingar vantar um þúsund vélar

Hringrás fékk greitt fyrir förgun á 26 tonnum af heimilistækjum (þvottavélum, þurrkurum, eldavélum og örbylgjuofnum) frá Vallarsvæðinu árið 2010. Hver þvottavél vegur um 70 kíló, hver eldavél um 70 kíló og þurrkari og örbylgjuofn veiga saman um 70 kíló.

→ 26.000 kg. / 3 = 8.667 kg.

→ 8.667 kg. / 70 kg. = 124 stykki

Hringrás hefur því fargað um 124 þvottavélum, eldavélum, þurrkurum og örbylgjuofnum. Íbúðir á Vallarsvæðinu eru 1.509 og í hverri þeirra var eitt sett af tækjum. Á milli 200 og 300 íbúðir eru enn í notkun með ameríska kerfinu og einhverjar þvottavélar hafa verið notaðar í varahluti. Samkvæmt þessu hafa að minnsta kosti þúsund vélar aldrei skilað sér til Hringrásar og svo virðist sem afar erfitt sé að fá upplýsingar um hvar þær eru niður komnar.

venjuleg rafmagnstæki. Eini munurinn er sá að þau hafa ekki þennan íslenska stimpil sem þarf að vera,“ segir hann. Öllum gömlu tækjunum sem voru í þeim íbúðum sem hefur verið breytt hafi verið fargað.

„Það er einhver förgunaraðili sem hendir þeim. Verktakar fjarlægja þetta og fara með á haugana,“ segir hann. Spurður hvaða verktak-

ar það séu segist Ingvi ekki muna nöfnin á þeim. „Þeir eru svo margir sem eru að vinna fyrir okkur og þetta eru bara litlir verktakar.“

Fréttablaðið komst þó að því að það eru Íslenskir aðalverktakar sem sjá mestmegnis um framkvæmdir á svæðinu. Guðmundur Pétursson framkvæmdastjóri segist fullviss um að öll tækin séu send í förgun til Hringrásar.

sunna@frettabladid.is

**DOULUNÁM 2013**  
Doula er stuðningsmaður konu fyrir, í og eftir fæðingu  
Ráðgert er að námið hefjist **14. mars** og ljúki **25. maí**  
Námið er í höndum **Barbara Hotelling, Mirjam de Keizjer og Soffíu Bæringsdóttur**  
Nánari upplýsingar og skráning:  
[soffia@hondihond.is](mailto:soffia@hondihond.is) eða í síma 8624804  
Verð: 97 þúsund Takmarkaður fjöldi þátttakenda!  
[www.hondihond.is](http://www.hondihond.is)

**HAFBERG**  
fiskbúð sælkerans

**MÁNUDAGSTILBOÐ**

**FISKIBOLLUR 990 KR/KG**  
**PLOKKFISKUR 1490 KR/KG**  
**ÝSA Í SÓSU 1490 KR/KG**  
**NÝR RAUÐMAGI AÐ NORDAN**

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Minnihluti segir mikilvægt að stjórnarskrármálið klárast fyrir kosningar:

## 45% telja mikilvægt að klára

**KÖNNUN** Minnihluti landsmanna leggur áherslu á að Alþingi ljúki stjórnarskrármálinu fyrir kosningar, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Meirihlutinn leggur ýmist litla áherslu á að ljúka málinu eða er hlutlaus.

Alls telja 45,2 prósent fólks að kosningaaldri mjög eða frekar mikilvægt að ljúka málinu á kjörtímabilinu. Um 15 prósent telja það hvorki mikilvægt né lítilvægt og 39,7 prósent telja lítilvægt að ljúka málinu nú.

Hart hefur verið deilt um málið á þingi og hafa þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks deilt hart á stjórnarmeirihlutann fyrir að ætla sér að ljúka málinu þó stutt sé í að þing verði rofið í aðdraganda kosninga.


Talsverður munur er á afstöðu

kynjanna til málsins. Um 51 prósent kvenna telur mikilvægt að ljúka málinu en 33,7 prósent telja það lítilvægt. Á móti telja 40 prósent karla mikilvægt að þingið ljúki málinu fyrir þingrof en 45,1 prósent telur það lítilvægt.

Um 60 prósent stuðningsmanna stjórnarflokkanna telja mikilvægt að ljúka málinu og 67 prósent stuðningsmanna Bjartrar framtíðar. Hlutfallið er mun lægra meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins, 34,6 prósent, og enn lægra hjá þeim sem styðja Sjálfstæðisflokkinn, 17,8 prósent.

Hringt var í 1.329 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 27. janúar og fimmtudaginn 28. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svar-

→ **Ný stjórnarskrá**  
Hversu mikilvægt telur þú að Alþingi ljúki stjórnarskrármálinu fyrir komandi alþingiskosningar?



endur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hversu mikilvægt telur þú að Alþingi ljúki stjórnarskrármálinu fyrir komandi alþingiskosningar? Alls tóku 87,8 prósent afstöðu til spurningarinnar.

-bj



BORÐLEGGJANDI

**GÆÐI**

Á GÓÐU VERÐI

**Kährs**<sup>®</sup>  
QUALITY IN WOOD SINCE 1857



*Nýr og glæsilegur bæklingur frá Kährs*

**Birgisson**

Ármúli 8 | 108 Reykjavík  
Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)



15.000 tonn af loðnu í frost:  
Met í frystingu  
í Neskaupstað

**SJÁVARÚTVEGUR** Fryst hafa verið 15 þúsund tonn af loðnu í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað það sem af er vertíð. Um er að ræða frystingarmet en mest hafa áður verið fryst tæplega 14 þúsund tonn á loðnuvertíðinni 2005.

Gera má ráð fyrir að heildarfrystingin á vertíðinni verði 16-17 þúsund tonn í lok vertíðar.

Unnið hefur verið að ýmsum umbótum á fiskiðjuverinu þannig að afköst þess hafa aukist verulega og eru gjarnan fryst yfir 500 tonn á sólarhring þegar best lætur.

- shá

Flestir trúá á endurkomu:

## Chavez berst fyrir lífi sínu

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez er enn að „berjast hetjulegri baráttu fyrir lífi sínu og heilsu“ segir Nicolas Maduro, varaforseti Venesúela. Hann notaði reyndar svipað orðalag um miðjan desember um heilsufar forsetans.



**NICOLAS MADURO**

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun telja um 60 prósent íbúa landsins að forsetinn muni ná heilsu og snúa til valda á ný. Hann hefur mánuðum saman verið á sjúkrahúsum vegna krabbameins.

Chavez hefur hins vegar hvatt þjóð sína til að kjósa Maduro í forsetaembættið, komist hann ekki til heilsu aftur.

- gb

# Borgarstjóri Árósa kveðst taka Gnarr til fyrirmyndar

Borgarstjórinn í Árósum er hrifinn af flutningi skrifstofu Jóns Gnarr upp í Breiðholt og íhugar að fara svipaða leið. Hann segir margt líkt með borgunum varðandi sameiningar í skólamálu. Þær hafi gefist vel í Árósum.

**REYKJAVÍK** Jacob Bundsgaard, borgarstjórinn í Árósum, segist afar hrifinn af hugmynd Jóns Gnarr, starfsbróður síns í Reykjavík, um að flytja skrifstofu borgarstjóra í Breiðholt og gæti hugsað sér að fara svipaðar leiðir og færa skrifstofu sína út fyrir miðborgina.

Bundsgaard var staddur hér á landi í heimsókn á dögum og sagði aðspurður í samtali við Fréttablaðið að honum litist vel á að flytja skrifstofu sína til Gellerup, sem er það hverfi í Árósum þar sem hlutfall innflytjenda er hæst. Það líður fyrir mynd sína og þar hafa glæpir og ýmis önnur samfélagsmein verið landlæg um árabíl.

„Það er hvetjandi að sjá hvernig borgarstjórinn ykkar færði sig til hverfis sem er að takast á við ýmsar áskoranir og það er góð leið til að efla áherslu á þau málefni,“ segir Bundsgaard og bætir því við að það sé til margs að vinna að efla hverfin.

Bundsgaard segir margt líkt með borgunum tveimur, til dæmis í skólamálu.

Breytingarnar í skólakerfinu í Reykjavík síðustu misseri, þar sem margar stofnanir voru sameinaðar, vöktu hörð viðbrögð en Bundsgaard segir slíkt viðbúið þegar skólamál séu annars vegar. Hann þekkir þessi mál af eigin raun því hann stýrði skólamálu í Árósum

„Það er hvetjandi að sjá hvernig borgarstjórinn ykkar færði sig út til hverfis sem er að takast á við ýmsar áskoranir og það er góð leið til að efla áherslu á þau málefni.“

Jacob Bundsgaard, borgarstjórinn í Árósum

á árunum 2005 til 2006 þegar innleiddar voru miklar sameiningar á yfirstjórnnum skóla annars vegar og leikskóla hins vegar. Til dæmis voru leikskólarnir 360 árið 2005 en eru nú 81, en breytingarnar ollu miklum deilum á sínum tíma.

„Fólk hefur eðlilega áhyggjur af útkomunni þegar breytingar eiga sér stað. Okkar reynsla er þó góð og það eru ekki deilur um málið lengur. Fólk er líka ánæggt með að með stærri einingum er til dæmis orðið auðveldara fyrir hvern skóla eða leikskóla að sækja sérfræðistöð og samvinna hefur aukist til muna.“

Bundsgaard segir að tvö til þrjú ár hafi tekið að lægja öldurnar en nú sé mikill meirihluti foreldra ánægðir með starfið.

Árósar fóru ekki þá leið að sam-



**BORGARSTJÓRINN** Jacob Bundsgaard, borgarstjóri í Árósum, er hrifinn af flutningi borgarstjóraskrifstofu úr miðbænum og íhugar að fara svipaða leið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

eina leikskóla og grunnskóla, vegna mismunandi löggjafar um stigin tvö, en þó er víða afar náð samstarf og jafnvel í sama húsnæði, að sögn Bundsgaards.

„Við förum aðeins öðruvísi leiðir

en Reykjavík en við munum fylgjast með því hvernig málin þróast hér og sjáum hvort við getum ekki lært eitthvað af því sem Reykjavík er að gera.“

thorgils@frettabladid.is

## SAMSTÖÐULEIÐIN

# FLEIRI STÖRF BETRI STÖRF

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins

miðvikudaginn 6. mars 2013

á Hilton Reykjavík Nordica

Opin dagskrá kl. 14-16

SKRÁNING Á WWW.SA.IS



Vilmondur Jósefsson



Þorsteinn Pálsson



Guðrún Hafsteinsdóttir



Ásberg Jónsson



Adolf Guðmundsson



Rannveig Rist



Kristín Pétursdóttir



Eyjólfur Árni Rafnsson



Anna Björk Bjarnadóttir



Grímur Sæmundsen

### Ávörp:

Vilmondur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins  
Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra

### Samstöðuleiðin: Fleiri störf – betri störf

Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöriss  
Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor  
Adolf Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gullbergs og formaður LÍU  
Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi  
Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital  
Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits  
Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans og stjórnarformaður Festu

### Fundarstjóri:

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og varaformaður SA

Nýkjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins flytur lokaorð og slitur fundi.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



# 4.069 ársverk komin á netið

Smelltu þér á rafræna ársskýrslu Marel á netinu  
og kynntu þér vöxt og viðgang félagsins á árinu 2012  
með áhugaverðum hætti.

[www.marel.com/annualreport](http://www.marel.com/annualreport)



Aðalfundur Marel hf. verður haldinn 6. mars 2013

The Marel logo, consisting of a stylized red and white 'm' followed by the word 'arel' in white lowercase letters.



# MARS TILBOÐ!

## Gerðu mögnuð kaup!

### Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með gott úrval af góðum bílum á frábæru tilboði.

**TILBOÐ**



Rnr. 200490

**KOMDU STRAX Í DAG!  
GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

LEXUS RX400h HYBRID  
Nýskr. 06/08, ekinn 68 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 5.990.000

**TILBOÐSVERÐ!  
4.590 þús.**



Rnr. 140136

**TILBOÐ**



Rnr. 280303

NISSAN PATHFINDER SE  
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.980.000  
**TILBOÐ kr. 3.980 þús.**

TOYOTA LAND CRUISER 150  
Nýskr. 12/10 ekinn 30 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 7.990.000  
**TILBOÐ kr. 6.990 þús.**




Rnr. 101868

**TILBOÐ**



SUBARU LEGACY LUX  
Nýskr. 01/08, ekinn 77 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.680.000  
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**

PORSCHE CAYENNE TURBO  
Nýskr. 09/03 ekinn 77 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.980.000  
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**



Rnr. 151206

**TILBOÐ**



Rnr. 120089

BMW X5 3.0i  
Nýskr. 05/06, ekinn 120 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.980.000  
**TILBOÐ kr. 3.280 þús.**

NISSAN X-TRAIL SE  
Nýskr. 06/08, ekinn 107 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.340.000  
**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**

# bíaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

# Friðartilboð Kúrda berst úr fangelsinu

Abdullah Öcalan, leiðtogi aðskilnaðarsinnaðra Kúrda í Tyrklandi, hefur sent frá sér tillögur að friðarsamkomulagi. Öcalan hefur setið í fangelsi nálægt Ístanbul síðan 1999. Hann reynir nú að fá yfirmenn uppreisnarliðsins til að leggja niður vopn.

**TYRKLAND, AP** Um miðja síðustu viku staðfesti Nazmi Gur, kúrdiskur þingmaður á tyrkneska þinginu, að Abdullah Öcalan, leiðtogi Verkamannaflokks Kúrda, hefði sent frá sér tillögur að friðarsamkomulagi sem gæti orðið að veruleika á næstu mánuðum.

Öcalan er helsti leiðtogi aðskilnaðarsinnaðra Kúrda í Tyrklandi. Hann hefur setið í fangelsi á fangaeyju, rétt utan við Ístanbul, frá árinu 1999.

Í tuttugu blaðsíðna bréfi, sem hann sendi bæði til Kúrdaflokksins á tyrkneska þinginu og til yfirmanna uppreisnarsveita Kúrda í Tyrklandi, hvetur hann til þess að Kúrdar hætti vopnaðri baráttu sinni gegn tyrkneska hernum þann 21. mars næstkomandi, en þann dag halda Kúrdar upp á Nowruz-hátíð sína, sem er vorhátíð. Hátíðin hefur oft orðið tilefni til harðra átaka milli Kúrda og tyrkneskra hermanna.

Öcalan hvetur uppreisnarsveitir síðan til þess að yfirgefa Tyrkland og halda yfir landamærin til Íraks fyrir 15. ágúst, en þá verða 29 ár liðin frá því vopnuð baráttu Kúrda hófst í Tyrklandi. Síðan þá hafa átökin kostað tugi þúsunda lífið.

Í staðinn vonast Öcalan til þess að tyrknesk stjórnvöld láti hundruð



**KÚRDAR Í TYRKLANDI** Aðskilnaðarhreyfing hefur í nærri þrjá áratugi barist fyrir sjálfstæði Kúrda. NORDICPHOTOS/GETTY

Kúrda laus úr fangelsum. Jafnframt reiknar hann með því að Tyrkir tryggi réttindi Kúrda í nýrri stjórnarskrá og veiti héraðsstjórnnum á svæðum Kúrda aukin völd.

„Þetta er sögulegt ferli,“ segir Gur og fullyrðir jafnframt að meðal Kúrda sé ríkur vilji til þess að semja um frið við Tyrki. Hins vegar muni Kúrdar fylgjast vandlega með því hvaða umbætur tyrknesk stjórnvöld geri.

„Þetta er tillögudrög hans,“ segir Gur um bréfið frá Öcalan.

„Endanlega útgáfan mun taka á sig mynd eftir að flokkurinn og aðrir sem hlut eiga að máli hafa komið með sínar tillögur.“

Reiknað er með lagabreytingum í Tyrklandi sem gerðu það að verkum að ekki yrði lengur lögbrot að fara opinberlega lofsamlegum orðum um uppreisnarsveitir Kúrda. Þar með væri hægt að láta marga Kúrda lausa úr fangelsum. Jafnframt er tyrkneska þingið að vinna að nýrri stjórnarskrá, sem Kúrdar vonast til að tryggi betur réttindi minnihlutahópa. gudsteinn@frettabladid.is



# MÁLÞING

ÍSÍ og Íslenskar getraunir efna til málþings um baráttu gegn hagræðingu úrslita í íþróttum

## DAGSKRÁ

- 12:00 Setning – Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri Getspár/Getrauna
- 12:10 Heildstætt yfirlit – Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ og FIBA Europe
- 12:45 Hagræðing úrslita, hættumerki á Íslandi – Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ
- 13:00 Kaffi
- 13:10 Hagræðing úrslita í íþróttum sem viðfangsefni lögreglu og réttarkerfisins – Jón H. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari höfðuborgarlögreglu
- 13:25 Umfang og eðli vandamálsins – Pétur Hrafn Sigurðsson deildarstjóri getraunadeildar
- 13:45 Umræður og niðurstöður – Sigurður Elvar Þórólfsson fundarstjóri og formaður Samtaka íþróttaféttamanna
- 14:00 Ráðstefnulok

Miðvikudaginn 6. mars kl. 12.00–14.00

Laugardalsvöllur í sal KSÍ 3. hæð

Aðgangur ókeypis. Skráning á pbs@getspa.is





## Rannsaksla slys í Egyptalandi: Vilja varpa ljósi á tildrögin

**EGYPTALAND, AP** Rannsakendur loftbelgsslyssins, sem varð 19 manns að bana í Egyptalandi, sækjast nú eftir að ræða við eina ferðamanninn sem lifði af. Rannsóknarmennirnir vonast til að hinn breski Michael Rennie geti varpað ljósi á tildrög slyssins. Rennie og flugmaður loftbelgsins voru þeir einu sem lifðu slysið af, en Rennie slapp með smávægilegar skrámur og marbletti. Talið er að þeir hafi stökkið úr loftbelgnum áður en hann varð alelda.

- möp



**SAMGÖNGUR** Samgöngur og ferðabjónusta eru veigamestu þættirnir í jákvæðum þjónustujöfnuði á síðasta ári.

## Tölur Hagstofu Íslands: Þjónustan 32 milljarða í plús

**VERSLUN** Þjónustujöfnuður við útlönd var jákvæður um 32,2 milljarða í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Hún var 41,6 milljarðar árið 2011 á þáverandi gengi.

Stærstu þættirnir eru samgöngur og ferðabjónusta. Samgöngur skiluðu 74,2 milljarða afgangi og ferðabjónustan átta milljörðum. Því var 50 milljarða halli á annari þjónustu.

Afkoman er árstíðaskipt þar sem tæplega 45 milljarða afgangur er á öðrum og þriðja ársfjórðungi en tap á á fyrsta og fjórða fjórðungi.

- þj

Stofnmæling botnfiska:

## Vorrallið hafið

**VÍSINDI** Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum, svokallað vorrall, hófst fyrir helgi vikunnar og stendur yfir næstu þrjár vikurnar.

Fimm skip taka þátt í verkefninu; togararnir Bjartur NK, Ljósafell SU og Jón Vídalín VE og rannsóknaskipin Árni Friðriks-son og Bjarni Sæmundsson. Alls verður togað á um 600 stöðvum vítt og breitt á landgrunninu á 20-500 metra dýpi.

Vorrallið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985. Helstu markmið eru að fylgjast með breytingum á stofnstærðum, aldursamsetningu, fæðu, ástandi og útbreiðslu helstu fisktegunda við landið, og hitastigi sjávar.

Úrvinnsla mælinganna fer fram í lok mars og fyrstu niðurstöður verða kynntar í apríl.

- shá

Óþægilegar upplýsingar:

## Voru forfeður þrælahaldarar?

**BRETALAND, AP** Bretar geta nú flett upp í gagnagrunni og komist að því hvort forfeður þeirra hafi átt þræla. Gagnagrunnurinn fór í loftið fyrir helgi og er rannsóknarverkefni við University College í London.

Verkefnið byggir á upplýsingum um 46 þúsund manns sem fengu greiddar bætur við afnám þrælahalds í Bretlandi árið 1833.

Einn rannsakendanna sagði að verkefnið gæti gefið innsýn í arfleifð þrælahaldsins í nútímasamfélagi. Afkoma þrælahalds hafi meðal annars fjármagnað járnbrautir, fyrirtæki, byggingar og listaverk sem væru til í dag.

-hj

Rannsókn sýnir fylgni milli bólusetninga gegn svínaflensu og drómasýki:

## Lyfið er ekki lengur til hér á landi

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsókn í Englandi hefur leitt í ljós marktækt samband á milli bólusetningar gegn svínaflensu með bóluefninu Pandemrix og drómasýki [taugasjúkdómur sem veldur svefntruflunum] hjá börnum og unglingum.

Frá þessu var greint í vísindatímaritinu British Medical Journal á dögunum, að því segir í frétt frá Landlæknisembættinu.

Áður hafa birst niðurstöður um marktækt samband í þessum aldursþópum í Finnlandi og Svíþjóð en ekki í öðrum löndum.

Á Íslandi hefur ekki sést marktækt samband á milli bólusetningar með Pandemrix og drómasýki.

Spurður um afstöðu til bólusetninga með lyfinu Pandemrix segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir að hún sé óbreytt enn sem komið er. „Við fylgjum tilmælum Lyfjastofnunar ESB þess efnis að Pandemrix-bóluefnið sé ekki notað hjá ungu fólki gegn svínaflensu nema að alvarlegur faraldur riði yfir og annað bóluefni sé ekki fáanlegt. Það þarf að fara fram áhættumat,“ segir Haraldur.

Bóluefnið Pandemrix er ekki lengur til hér á landi. Það bóluefni sem nú er notað gegn svínaflensu og öðrum stofnum influensu er af annarri gerð og hefur ekki verið bendlað við drómasýki, að sögn Haraldar.

- shá



**BÓLUSETNING** Tugþúsundir Íslendinga voru bólusettir með Pandemrix gegn svínaflensu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HVIFA HUGSIÐ/SLA 13-0373

## FRÆÐSLUFUNDUR UM PENINGA FYRIR UNGT FÓLK 12-16 ÁRA

- ▶ Hvernig virka peningar?
- ▶ Mikilvægi þess að setja sér markmið
- ▶ Hvernig er hægt að láta peninginn endast aðeins lengur?
- ▶ Fundurinn er haldinn í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi

Jón Jónsson, tónlistarmaður og hagfræðingur, fræðir ungt fólk á skemmtilegan hátt um fjármál.

Fundurinn verður haldinn á Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Reykjavík og Selfossi í mars. Nánari upplýsingar og skráning á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

 Arion banki



Uppgjöri og vanda ÍLS frestað fram yfir kosningar:

## Forkastanlegt

Staða Íbúðalánasjóds (ÍLS) er með ólíkindum. Þeir sem til þekkja eru sammála um að viðskiptalíkan hans gangi ekki upp, að pólitískar ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við starfsemi hans á síðasta áratug hafi verið galnar, að eignasafnið sé líkast til stórlega ofmetið og að með hverjum deginum sem líður án aðgerða muni kostnaður skattgreiðenda vegna sjóðsins aukast.

Það er ekki við núverandi stjórnendur ÍLS að sakast. Þeir eru að takast á við vandamál sem buin voru til í fortíðinni af lélegum stjórnámálum. Til að draga þá til ábyrgðar var sett á fót rannsóknarnefnd um ÍLS í september 2010. Hún átti að skila



Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is

af sér síðasta sumar. Í síðustu viku sagði Fréttablaðið frá því að nefndin myndi ekki þó ljúka vinnu sinni fyrr en í apríllok. Skýrsla hennar mun því ekki birtast fyrr en í fyrsta lagi í maí, eftir kosningarnar 27. apríl. Það er hentugt fyrir þá stjórnmalaflokka sem bera ábyrgð á

stöðu ÍLS, en forkastanlegt gagnvart kjósendum sem fá þá ekki tækifæri til að hafa niðurstöðuna til hljóðsónar í kjörklefanum.

Kostnaður skattgreiðenda vegna ÍLS er nefnilega þegar orðinn gríðarlegur og verður líklega enn meiri. Í tveimur skömmtum er sitjandi ríkisstjórn búin að dæla 46 milljörðum króna inn í sjóðinn og flestir sérfræðingar eru sammála um að mun meira muni þurfa til. Þeir allra svartsýnustu tala um allt að 200 milljarða króna til viðbótar.

ÍLS hefur ekki uppfyllt eiginfjármarkmið sitt, sem er fimm prósent, frá því um mitt ár 2008. Vandí hans eykst á hverjum degi, þar sem sjóðurinn má ekki nota fé sem hann fær vegna uppgreiddra lána til að borga niður verðtryggðu skuldabréfin sem hann gaf út til að fjármagna lánin. Árið 2012 lánaði ÍLS til að mynda út 15 milljarða en uppgreidd lán hjá sjóðnum námu 18 milljörðum. Þessi tilhneiging hefur haldið áfram á þessu ári.

Í febrúar lækkaði Moody's lánshæfismat sjóðsins svo niður í ruslflokk, vegna þess að eignasafn hans er talið veikara en áður hafði verið af látið. Skömmu seinna lét seðlabankastjóri hafa eftir sér að viðskiptalíkan ÍLS gengi ekki upp. Stjórnendur og stjórn hans tóku undir það og sögðu raunar að þeir hefðu „ekki farið í graf götur með þá skoðun sína“. Samt hefur ekkert verið gert nema að setja nokkra tugi milljarða króna inn í sjóðinn. Það er eins og að gefa sjúklingi í hjartastoppi íbúfen og vona að hann taki við sér.

Það sem ríkisstjórnin hefur gert vegna þessa vanda, fyrir utan að henda skattfé í hitina, er eftirfarandi: haustið 2011 var skipaður „vinnuhópur um framtíðarhlutverk“ ÍLS. Hann lauk störfum í fyrra og í kjölfar var ráðist í lagabreytingar sem tóku ekkert á kjarnavanda hans. Það er bersýnilegt því að í síðustu viku var birt frétt á heimasíðu sjóðsins sem bar fyrirsögnina „Engar ákvarðanir um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóds“. Þá var skipaður starfshópur fyrr á þessu ári sem hefur það hlutverk að greina „framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóds“. Hann á að skila áfangaskýrslu fyrir lok marsmánaðar en ekki liggur fyrir hvenær lokaútgáfa á að koma út. Það kæmi líklega engum á óvart ef það drægist fram yfir kosningar. Sem yrði forkastanlegt.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## MEISTARATAKTAR

Áhrifamikil frásögn af óþrjótandi ást, hugrekki og gæsku

**Líf annarra en mín**  
EMMANUEL CARRÈRE

JPV  
JPV ÚTGÁFA

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
– alvöru bókabúð á netinu

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Bakkað í stjórnarskrármáli

Nýr formaður Samfylkingarinnar, Árni Páll Árnason, kastaði sprengju inn í umræðuna á laugardag þegar hann sagði að ekki mundi nást að klára stjórnarskrármálið fyrir þinglok. Parna er um algjöran viðsúning á stefnu Samfylkingarinnar að ræða, en breytingar á stjórnarskrá voru eitt þeirra mála sem forveri Árni Páls, Jóhanna Sigurðardóttir, lagði hvað ríkasta áherslu á. Raunar er athyglisvert að það skuli vera Árni Páll sem talar fyrir slíkum hugmyndum, enda ljóst að þær eru ekki líklegar til vinsælda fyrir flokkinn. Hefði ekki verið betra fyrir flokkinn að Jóhanna sjálf hefði bakkað með málið?

Hún hefur hins vegar ekkert tjáð sig um málið, sem bendir til þess að hún sé ekki sérstaklega sátt við mála-tilbúnaðinn.

#### Samstaða, en þó ekki

Árni Páll var kokhraustur þegar hann ræddi við Ríkisútvarpið um málið og sagði samstöðu innan flokks síns um þessa leið. Mikill skilningur væri á því að klára ætti málið í áföngum. Ekki virðist Lúðvík Geirsson, fulltrúi flokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, hafa heyrt af þeirri samstöðu, því hann vill ljúka málinu öllu fyrir þinglok.



#### Ótrúlegur vandráðagangur

Það þarf hins vegar ekki að koma á óvart að svo sé komið fyrir málinu. Stjórnlagaráð skilaði tillögum sínum í júlí 2011. Stjórnarmeirihlutunum tókst hins vegar ekki að búa svo um hnútana að hægt yrði að kjósa um þær tillögur óbreyttar, að viðbættum sex spurningum, samhliða forsetakosningum tæpu ári síðar. Og nú er hann að brenna inni á tíma með mál sem átti að vera skrautfjöldur í hans hatt. Það getur ekki verið gott fyrir stjórnarflokkana að bakka í málinu svo skömmu fyrir kosningar, því hvernig sem menn fódra það þá er það nákvæmlega það sem þeir eru að gera.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Ísland þarf ríkisolíufyrirtæki

### OLÍULEIT



Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra

Jan Mayen-samningarnir frá 1980 og 1981 eru með sterkustu samningum sem íslenska utanríkisþjónustan hefur gert. Þeir voru tær sníld. Af miklu hugviti náðu samningamenn okkar fram hagstæðum reglum um hlutdeild í hugsanlegum olíulindum svæðisins. Þannig var afmarkað eins konar sameiginlegt nýtingarsvæði og á Ísland rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á norska hluta svæðisins og Noregur á 25% þátttöku á íslenska hlutanum.

Samkvæmt samkomulaginu njóta Íslendingar margvíslegs hagræðis umfram Norðmenn. Endanlegur samningur mælti svo fyrir að ætluðu Norðmenn að nýta rétt til fjórðungshlutdeildar í lindum Íslandsmegin, þar sem nú heitir Dreka-svæðið, yrðu þeir að tilkynna það eigi síðar en mánuði eftir úthlutun rannsóknarleyfa. Þann rétt notfærði norska ríkisolíufyrirtækið sér varðandi leyfin tvö sem var úthlutað á Drekanum sl. sumar. Þeir bera þannig frá upphafi fjórðung kostnaðar við að koma svæðinu í vinnanlegt horf.

Íslendingar geta hins vegar bedið með ákvörðun þangað til fyrir liggur að byrjað er að draga upp olíu eða gas Noregsmegin og líkur eru á að hún sé arðbær. Ahætta íslenska ríkisins af slíkri þátttöku er því nær engin. Utan um íslensku hlutina í olíulindum Norðmanna er hins vegar

→ Næsta skref er að stofna ríkisolíufélag til að halda utan um hluti Íslands í olíulindum Norðmanna sem verða til á vinnslusvæðinu Noregsmegin miðlunnar.

brýnt að stofna sérstakt ríkisolíufélag, líkt og Norðmenn gera í sama tilgangi. Fyrir því er raunar gert ráð í olíulögunum sem ég lagði fram á sínum tíma. Með þessu fyrirkomulagi bera Íslendingar enga fjárhagslega áhættu. Olíusjóðurinn yrði hlutafélag, sem dregur enn úr áhættu ríkisins.

Hagnaður þess gæti runnið í sérstakan olíusjóð eða auðlindasjóð að forðæmi Norðmanna. Þannig yrði tryggð að afrakstur lindanna kæmi núverandi kynslóðum aðeins til góða að litlu leyti en yrði ávaxtaður fyrir komandi kynslóðir, í krafti þeirrar fallegu röksemdar að hinir ófæddu eigi sinn skerf í endanlegum auðlindum þjóðarinnar.

Næsta skref er að stofna ríkisolíufélag til að halda utan um hluti Íslands í olíulindum Norðmanna sem verða til á vinnslusvæðinu Noregsmegin miðlunnar. Staða Íslands sem olíuríkis styrkist því fyrir sem það er gert.



# Er íslenska útlenska?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Á netinu má sjá erindi Þorvaldar Þorsteinssonar – þess snilldarmanns – á málþingi BÍL um skapandi greinar frá sjónarhóli listamanna þar sem hann deildi á tilhneingingu til að beita akademískum vinnubrögðum í listsköpun. Hann talaði um „gervireynd“ í því sambandi.

Í erindinu vék hann stuttlega að íslenskunni og aðferðum okkar við að kenna krökkum hana. Hann sagði eitthvað á þá leið að krakkarnir hefðu í raun ámóta færni í að nota íslensku og konsertpianisti hefur á hljóðfæri sitt, en kennsluháttunum mætti líkja við það að konsertpianistinn einblíndi í þjálfun sinni á feilnótturnar – krakkarnir skilgreina málnotkun sína út frá feilnótunum – og áherslan á greiningu og lýsingu málsins fremur en beitingu þess jafngilt því að láta konsertpianistann einbeita sér að því að taka flygilinn í sundur og setja hann aftur saman í réttri röð.

## Málótti og málþótti

Þetta er frábær líking hjá Þorvaldi. Þegar einblínt er á að kenna málið út frá villunum en ekki möguleikum sem í því felast gleymist að krakkarnir kunna málið þegar þeir koma í skólann. Stundum hefur hvarflað að manni að markmið íslenskukennslu í skólum sé að sýna börnum fram á að íslenska sé útlenska. Og ekki bara útlenska heldur ákaflega erfíð útlenska sem þau muni aldrei ná tökum á. Er þetta atviksorð? Er þetta óákveðið fornafn (hvor fjárin sem það nú annars er)? Kenniliður? Sagnliður? Veistu þetta ekki? Þá kanntu ekki íslensku. Íslenska er nefnilega útlenska.

Stundum hittir maður fólk með ómælda frásagnargáfu sem getur haldið áheyrndum föngnum með snilldarlega uppbyggðum sögum en þegar maður spyr hvort þetta fólk hafi ekki löngun til skrifta er eins og tenginguna vanti milli munnlegrar málnotkunar og skriflegrar; það segist ekki kunna neitt; kannski af því að það man ekki hvenær

maður skrifar „geysa“ og hvenær „geisa“. Þessu fólki hefur verið talin trú um að íslenska sé útlenska. Erfítt mál sem það muni aldrei geta lært. Og það fyllist málótti.

Aðrir fyllast málþótti. Til er fólk sem amast við málfari samborgara sinna, ekki síst þeirra sem hafa atvinnu af því að nota tungumálið – tala í útvarp eða skrifa í blöð. Til dæmis les maður iðulega aðfinnslur um þau Andra Frey og Gunnu Dís sem eru á morgnana á Rás tvö, fólk sem er einmitt sérstaklega gaman að hlusta á af því að þau eiga svo auðvelt með að tjá sig, hafa skemmtilegt tungutak með sterku svipmóti.

Þessi málþóttastörf eru af góðum hug sprottin – umhyggju fyrir varnarlausum menningarverðmætum í spilltum heimi. En hún er seig sú gamla og ekki víst að hún þurfi á slíkri umhyggju að halda. Við erum ekki stödd á safni þar sem einungis má fara hljóðlega um sali og skoða viðkvæmu orðin, sem hreinsuð eru reglulega af fólki með hvíta hanska. Íslenskan brotnar ekki þó að einhver segi „Ég vill“. Hún er heldur ekki latína, endanlegt, lokað mengi. Hún er ekki viðkvæmt blóm að berjast fyrir lífi sínu í menningarnæðingnum: hún er einmitt eins og íslenskur heidagróður: kraftmikil og ódrepanði. Hún er ekki hrum og veikbyggð heldur sterk og frjósöm. Hún er „orða frjósöm móðir“ eins og Bólu-Hjálmar kvað. Nýjasta dönskusetlan vitnar um þetta: „Haltu kjafti, hvað var gaman í gær,“ segja krakkarnir upp á dönsku, en danskurinn lætur þennan frasa duga: hér eru daglega búnir til nýir: „Farðu í sturtu, hvað mig langar í pönnuköku“, „farðu á ball í Garðabæ hvað Snjólfur er vitlaus“, „skafli beygjattu skalli, hvað þetta er ljót peysa“. Orða frjósöm móðir. Það er svo gaman að bulla á íslensku. Hún er svo opin og frjósöm og til í tuskið. Hún er svo blæbrigðarík, svo sveigjanleg og teygjanleg – og beygjanleg.

## „Ýmsir, báðir, sérhver...“

Málþótti eins er málótti annars. Og málflótti þess þriðja. Í skóla-kerfinu grúfa blessuð börnin sig yfir setningafræðina – taka flygilinn í sundur – og geta romsað upp úr sér óákveðnum fornöfnum – annar, fáeinir, enginn, neinn, / vömb,

En við verðum líka að muna að íslenska er handa okkur...

keppur, laki, vinstur – en þau læra ekki að tjá sig; tala, skrifa, skálda, bulla; móta hugsun í orð, nota þetta tungumál sem þau kunna. Það er eftirlátið Junior Chamber hreyfingunni að þjálfa ungt fólk í því að halda ræður, og virðist áskilið í þeirri þjálfun að hafa enga sannfæringu en þykjast hafa hana og eru gefin stig fyrir að baða út höndunum, hvessa augun, hækka og lækka róminn. Útkoman er gervimælska, ámóta spennandi og kjötlokur frá Borgarnesi. Fyrir vikið eru ræðustólar landsins þéttsetnir fólk sem baðar út höndunum og talar hálfkjökrandi um málefni sem því stendur í rauninni hjartanlega á sama um.

Vandað málfar vitnar um vandaða hugsun; vont málfar sýnir vonda hugsun. Eitt einkenni góðærisins var mikil löngun til að tala ensku öllum stundum, kannski af því að íslenskan er svo gagnsæ að allt skilst sem maður segir. Hefði hrúnið ekki komið er eins víst að útrásarvíkingarnir (sem nú bíða í ofvæni eftir kosningaúrslitum) hefðu haft sitt fram, búnir að taka skortstöðu á íslenskuna og enska orðið opinbert tungumál hér á landi. Og kannski er erfitt að rökstyðja hvers vegna við eigum að tala þetta skrytna mál, sem enginn kann víst almennilega, nema nokkrir sér-lundaðir prófarkalesarar – og það að málið sé skemmtilegt og dásamlegt og orða frjósöm móðir nær kannski skammt. En við hérna erum eina fólkið í heiminum sem talar þetta mál. Okkur er trúað fyrir því. Hættum við að tala íslensku deyr hún og veröldin verður einum hugsunarhættinum fátækari: enginn sem skilur Njálu, Laxness og Þórberg og ljóðin öll og allt hitt sem heilan heim margbrotinna og fínlega samofinna hugmynda þarf til að skynja að fullu: heilt tungumál. En við verðum líka að muna að íslenska er handa okkur; til þess að nota hana þurfum við ekki að þylja upp þessi fornöfn sem aldrei geta ákveðið sig. Hún er okkar mál. Íslenska er ekki útlenska. Hún er innlenska.



## Tökum á skulda- og greiðsluvanda heimilanna

Markvissar og raunhæfar aðgerðir í þágu heimilanna sem má koma í framkvæmd án tafar.

- › Verðtrygging á húsnæðis- og neytendalánnum verði ekki almenn regla
- › Auðveldum afborganir af húsnæðis- lánnum með skattaafslætti
- › Fellum niður skatt þegar greitt er inn á höfuðstól húsnæðislána í stað þess að greiða í séreignarsjóð
- › Leyfum skuldsettum íbúðareigendum að hefja nýtt líf án gjaldþrots
- › Afnefum stimpilgjöld

Í þágu heimilanna

XD

## Það þarf þjóð til að vernda barn

Vanræksla er ein birtingarmynd af ofbeldi gegn barni. Þegar þörfum barns er ekki sinnt nægjanlega þannig að barninu er búin hætta af, eða það getur leitt til skaða á þroska þess, er um vanrækslu að ræða. Vanræksla getur verið líkamleg, tilfinningaleg eða sálræn og vanræksla getur einnig snúið að umsjón og eftirliti varðandi nám. Þegar rætt er um vanrækslu er ekki átt við eitt og eitt skipti heldur síendurtekin atvik. Til dæmis telst til vanrækslu ef sex ára gamalt barn kemur ítrekað of seint í skóla, kemur þangað óhreint eða í skítugum fötum dag eftir dag eða fær ekki næga hvíld að staðaldri. Foreldrar bera einfaldlega ábyrgð á að þessir þættir séu í lagi. Vanræksla getur orðið til þess að barn getur dregist aftur úr jafnöldrum sínum á mismunandi hátt, átt erfiðara með að leysa úr vandamálum og árangur þess í skóla orðið slakari. Einnig getur vanræksla orðið til þess að barn verði berskjaldara fyrir öðru ofbeldi, s.s. kynferðisofbeldi. Vanræksla getur því valdið varanlegum skaða bæði andlega og líkamlega.

Samkvæmt íslenskum lögum ber öllum skylda að tilkynna til viðkomandi barnaverndarnefndar,

## BARNAHEILL

Sigríður Guðlaugsdóttir  
verkefnastjóri

→ Barnið á alltaf að njóta vafans og það er hlutverk fagfólksins að meta hvort aðbúnaði barnsins er ábótavant.

neyðarlínu 112 eða lögreglu, grun um að barn sé beitt ofbeldi eða það búi við óviðunandi aðstæður. Því miður er raunin oft sú að þessari skyldu er ekki framfylgt. Hafa má í huga að sá sem tilkynnir getur óskað eftir nafnleynd gagnvart öðrum en barnaverndarstarfsmanni. Barnið á ávallt að njóta vafans og það er hlutverk fagfólksins að meta hvort aðbúnaði barnsins er ábótavant.

Á vef samtakanna, www.barnaheill.is/verndumborn má finna nánari upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi, hvernig þekkja má einkennin og hvernig bregðast skuli við. Það er bæði siðferðisleg og lagaleg skylda okkar að tilkynna um grun á ofbeldi eða vanrækslu gegn barni. Það þarf þjóð til að vernda barn.

Nú stendur yfir átakið Út að borða fyrir börnin þar sem sextán veitingastaðir og viðskiptavinir þeirra styðja vernd barna gegn ofbeldi með því að gefa hluta af verði valinna rétta til verkefna Barnaheilla.

# Varahlutir í bíla

Fyrirmyndar fyrirtæki 2012

**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



## MERKISATBURÐIR

- 1213** Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri við Arnarfjörð er veginn á heimili sínu eftir aðför Porvalds í Vatnsfirði.
- 1461** Rósastríðið: Hertoginn af Jórúík hertekur Lundúnir og lýsir sjálfan sig Játvarð 4. Englandskonung.
- 1861** Abraham Lincoln verður sextánda forseti Bandaríkjanna.
- 1936** Zeppelin-loftfarið Hindenburg flýgur sitt fyrsta reynsluflug.
- 1945** Finnland segir Þýskalandi stríð á hendur.
- 1955** Armed Forces Radio and Television Service Keflavík fær heimild Íslenskra stjórnvalda til sjónvarpsútsendinga.
- 1964** Hljómar frá Keflavík slá í gegn á fyrstu Bítlatónleikum á Íslandi, sem haldnir eru í Háskólabíói. Fjórar aðrar hljómsveitir koma fram á þessum tónleikum.
- 1968** Fyrsta leikritið sem sett er upp sérstaklega fyrir sjónvarp á Íslandi er sent út. Það var verkið Romm handa Rósalind eftir Jökul Jakobsson.
- 1983** Menningarmiðstöðin Gerðuberg er opnuð í Breiðholts hverfi í Reykjavík.
- 2000** PlayStation 2 kemur fyrst út í Japan.



Okkar ástkæri  
**JÓN SÖRING**  
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 24. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,  
**Lilja Gunnarsdóttir.**





Eiginmaður minn og faðir okkar,  
**INGIMUNDUR JÓNSSON**  
skipstjóri,  
Lindarhvammi 12, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 22. febrúar. Hann verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 5. mars klukkan 13.00.

Sjón Magnúsdóttir  
Jón Ingimundarson  
Hafsteinn Ingimundarson





Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**JÓN PÁLL INGIBERGSSON**  
pípulagningameistari,  
til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,

lést á LSH Fossvogi fimmtudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 6. mars kl. 13.00.

Ingibjörg Jónsdóttir  
Guðrún Kolbeins Jónsdóttir  
Puríður Jónsdóttir  
Málfriður Jónsdóttir  
Sigurður Jónsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Þorsteinn Friðbjósson  
Eyjólfur Kolbeins  
Sigurður Heimir Sigurðsson  
Olga Ólafsdóttir



*Útfararstofa*  
**SVAFARS & HERMANNSS**

571 8222  
820 3939 SVAFAR  
820 3938 HERMANN

*Virding Reynsla & Þjónusta*  
*Allan sólarhringinn*

WWW.KVEDJA.IS




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



**KIRKJUVÖRÐURINN** Margrét Guðjónsdóttir segir starfsemi Kvenfélags Langholtskirkju sjaldan hafa verið með meiri blóma þótt það hafi starfað í sextíu ár.

FRÉTTABLAÐID/GVA

## Sextíu ára og yngist með hverju árinu

Kvenfélag Langholtssóknar fagnar sextíu ára afmæli um þessar mundir og í kvöld verður haldin afmælishátíð þar sem boðið er upp á skemmtun í tali og tónum, góðan mat og góðan félagsskap, að sögn Margrétar Guðjónsdóttur kirkjuvarðar.

Kvenfélagið var stofnað 12. mars 1953 en allir fundir í félaginu eru haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar þannig að við munum halda upp á afmælið í kvöld,“ segir Margrét Guðjónsdóttir, kirkjuvörður og formaður afmælisnefndar kvenfélagsins. „Hátíðin verður haldin inni í kirkju og biskup Íslands verður með okkur ásamt öðrum góðum gestum. Þar verður dagskrá í tali og tónum og síðan flytjum við okkur yfir í safnaðarheimilið, þar sem Björk Jakobsdóttir leikkona ætlar að vera með okkur. Þar ætlum við bara að njóta þess að vera saman, borða góðan mat og gleðjast.“

Ög stendur starfsemi félagsins enn með blóma, koma ungar konur inn í það í dag? „Já, núna. Fyrir nokkrum árum var staðan þannig að meirihluti félagskvenna var orðinn frekar fullorðinn og

séð fram á það að endurnýjunar væri þörf ef félagið ætti að lifa áfram. Þá var tekin sú ákvörðun að fá ungar konur til liðs við félagið og kvenfélagskonur fóru og hittu ungar konur bæði hér í söfnuðinum og eins á mömmumorgnum og kynntu félagið. Árangurinn lét ekki á sér standa og ungum konum fjölgaði til muna í félaginu. Eitt af því sem gert var til að höfða til yngri kvenna var að stofnað var til þrónakaffis, stofnaður gönguhópur, skraphópur, leshópur, tónlistarhópur og bænahópur og starfsemin stendur nú með miklum blóma.“

Hvert er hlutverk kvenfélagsins í safnaðarstarfinu? „Fyrst og fremst að hlúa að innviðum kirkjunnar. Kvenfélagið hefur í árána rás fjármagnað marga ótrúlega flotta og góða hluti og í fyrra gaf það til dæmis kirkjunni eina

og hálf milljón. Eins ef eitthvað hefur þurft að gera hérna, þurft að mála eða vantað húsgögn, þá hefur kvenfélagið séð um það og á fimmtíu ára afmæli félagsins gaf það kirkjunni glerlista-verkið eftir Sigríði Ásgeirsdóttur sem nú eru hliðargluggar kirkjunnar. Svona mætti lengi telja en þetta snýst líka bara um félagsskapinn, að koma saman og skemmta sér og styrkja böndin milli kvennanna.“

Ög heldur endurnýjun félagsins áfram? „Já, já, já. Við erum vakin og sofin yfir því að fá fleiri konur inn í félagið og ágætt að það komi fram að þær þurfa alls ekki að tilheyra Langholtssókn, það eru allar konur velkomnar.“

Þannig að þetta sextuga félag lifir góðu lífi? „Já, félagið er ungt og yngist með hverju árinu.“ [fridrikab@frettabladid.is](mailto:fridrikab@frettabladid.is)

## ÞETTA GERÐIST 4. MARS 1933

### Roosevelt sver embættiseið

Pennan dag árið 1933 sór Franklin Delano Roosevelt embættiseið sem forseti Bandaríkjanna. Kreppan mikla var í algleymingi um þær mundir og við innsetningarathöfnina kynnti Roosevelt löndum sínum „New deal“-stefnu sína og mælti hin fleygu orð að það væri ekkert að óttast nema óttann sjálfan.

Roosevelt fæddist árið 1882 í New York. Frændi hans var Theodore Roosevelt, forseti Bandaríkjanna árin 1901 til 1909. Árið 1905 kvæntist hann Önnu Eleanor Roosevelt og var kjörinn á þing fyrir demókrata fimm árum síðar. Árið 1920 var hann varaforsetaefni demókrata í forsetakosningunum sem repúblíkanar unnu. Ári síðar veiktist hann af lómunarveiki og var bundinn við spelkur og hjólastól allar götur síðan.

Árið 1928 var Roosevelt kjörinn ríkisstjóri New York-ríkis og bauð sig fram til forseta fjórum áður síðar. Hann gjörsgraði Herbert Hoover, sitjandi forseta, sem margir kenndu um kreppuna.

Roosevelt tryggði sér endurkjör auðveldlega árið 1936 og var fyrstur bandarískra forseta til að bjóða sig fram í þriðja sinn árið 1940. Ári seinna lýstu Bandaríkin stríði á hendur Japan og Þýskalandi, sem hafði úrslitaáhrif í stríðinu og markaði endalok einangrunarstefnu Bandaríkjanna.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ENDURNÝTT HRÁEFNI

Hollenski hönnuðurinn Joost Geheem hefur hannað kolla úr heilu búslóðunum sem fallið hafa til eftir dauða, skilnaði og gjaldþrot. Hann hefur þannig búið til hráefni úr stólum, teppum og ýmsu fleiru en frá þessu greinir vefsíðan [www.dezeen.com](http://www.dezeen.com).



GEZE  
Hawa

Glerveggjakerfi fyrir skrifstofurými  
Brautir og festingar í úrvali.

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarnogler.is](http://www.jarnogler.is)



## SÖGULEGT HÚS

**HÖNNUNARMARS** Vaktarabærinn hefur verið endurgerður af Minjavernd. Á HönnunarMars verður bærinn opnaður með samsýningu fjögurra hönnuða sem hafa hannað muni sérstaklega fyrir húsið.

Samsýning fjögurra hönnuða á HönnunarMars mun marka upphaf endurnýjaðra lífdaga eins elsta hússins í Grjótaþorpinu í Reykjavík, Vaktarabæjarins svokallaða, að Garðastræti 23. Húsið verður opnað almenningi með nýjum innréttingum og innanstokksmunum eftir þau Gulleik Lövskar húsgagnahönnuð, Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur skartgripahönnuð og Ingibjörgu Helgu Ágústsdóttur og Ásdís Birgisdóttur textílhönnuði.

„Mér var falið að vinna munstur fyrir húsið,“ segir Ásdís, en hún vinnur upp úr gömlum munstrum frá því um aldamótin 1800. „Þetta eru vefnaðarmunstur sem ég vinn upp úr Sjónaðar sem Heimilisiðnaðarfélagið gaf út. Ég yfirfæri munstrið á filmur innan á

glugga, í gluggatjöld og einnig í voðir og púða,“ bætir hún við. Í eldhússkápum hússins verður að finna bolla-stell eftir Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur skartgripahönnuð en munstrið á stölinu er unnið út frá úr skartgripalínu hennar í samvinnu við finnska hönnunarteymið Elinno. Stellið kom út fyrir þremur árum en Guðbjörg hefur bætt við það munum sem kynntir verða við opnun hússins.

Eldhúsbörð og stólar, sófi og svefnbekkur í húsinu eru eftir húsgagnahönnuðinn Gulleik Lövskar. „Hönnun mín þykir tímalaus í útliti og fellur því vel þarna inn,“ segir Gulleik. Þá verða á veggjum myndir eftir Ingibjörgu Helgu Ágústsdóttur, en við gerð þeirra tók hún mið af sögu hússins.

### ÍSLENSK HÖNNUN

Þau Gulleik Lövskar, Guðbjörg Ingvarsdóttir og Ásdís Birgisdóttir hönnuðu muni inn í Vaktarabæinn en bærinn verður opnaður almenningi á HönnunarMars.  
MYND/VILHELM

## ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausr greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHLUTUM MED ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.

GILDIR EKKI MED ÖÐRUM TILBOÐUM.

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

VALHÖLL  
Svæðisskipt heilsudýna  
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum  
Stærð 120x200 cm  
Tilboðsverð kr. 74.900.-

Svefn & heilsa  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



# Meirapróf




Upplýsingar og innritun í  
síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 6. mars

## Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



## KRYDD Í ELDHÚSIÐ

**KRYDDJURTIR** Allir geta ræktað eigin kryddjurtir heima fyrir. Það er bæði ódýrt og hollt fyrir líkama og sál auk þess sem það sparar pening.

Það er lítið mál að rækta kryddjurtir í heimahúsum hérlendis allt árið um kring. Yfir dimmustu mánuðina er þó nauðsynlegt að nota plöntulýsingu en með hækandi sól og lengri dagsbirtu í mars gerist þess ekki lengur þörf. Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur segir dagsbirtuna orðna það mikla um þessar mundir að vel sé hægt að hefja ræktun heima án plöntulýsinga, sem aftur á móti sé nauðsynleg frá nóvember fram í febrúar. „Núna er rétti tíminn til að hefja ræktun án hjálparmeðala. Það er hægt að rækta nánast allar algengustu kryddjurtirnar innanhúss og því um að gera að prófa sig áfram. Ef markmiðið er að sá fyrir kryddjurtum sem planta á úti seinna er langbest að byrja sem fyrst.“

Að sögn Láru þarf fátt annað en góða gróðurmold, smá sáðmold og hreinan pott eða bakka. Flest fræin taka um 10-20 daga að spíra. „Fyrst um sinn þarf ræktunin smá umhirðu. Passa þarf að fræin fái jafnan raka og því er best að breiða plast yfir fyrst um sinn, þó þannig að lofti vel um. Þegar fyrstu grænu blöðin koma upp þarf að taka plastið af og lofta um og vökva meira.“

Lára segir algengustu mistökin við heimaræktun vera þau að sá of miklu af fræjum á sama tíma. „Auk þess gleyma margir því að birta og raki skipta máli. Þegar vöxturinn er kominn vel á veg þarf að gefa þeim næringu og svo þarf að passa upp á ofþornun en þó ekki drekkja þeim í vatni. Það þarf að finna þennan gullna meðalveg.“

### LÍTIÐ MÁL

„Það er hægt að rækta nánast allar algengustu kryddjurtirnar innanhúss,“ segir Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur.

MYND/GVA



### HEIMARÆKTUN

Flest fræin taka 10-20 daga að spíra.

MYND/GVA

## STÆRRI OG GLÆSILEGRI RÍTA BÆJARLIND



Full búð af nýjum vörum

Str. 36 - 56/58



Bæjarlind 6, s. 554-7030  
www.rita.is

Við erum á Facebook



**OPNAÐ Á HÖNNUNARMARS** Vaktarabærinn að Garðastræti 23 er eitt elsta húsið í Grjótaþorpinu. Hann mun prýða íslensk hönnun.

### ► SAGA VAKTARABÆJARINS

Guðmundur vaktari Gissurarson byggði húsið upphaflega sem pakkhús árið 1848 eða skömmu áður. Guðmundur var vaktari Reykjavíkur frá 1830 til 1865, en embætti vaktara hafði verið í Reykjavík með hléum frá 1780. Húsið er jafnframt eina húsið sem eftir stendur af bæjarhúsunum í Grjóta, sem var hjáleiga frá Víkurbænum, ein af átta slíkum sem getið er í Jarðabókinni 1703, en jörðin var lögð kaupstaðnum Reykjavík til við stofnun hans árið 1786. Skömmu fyrir árið

1860 var búið að stækka húsið í núverandi stærð sína og árið 1868 eru fyrstu heimildir um að búið sé í húsinu. Stefán Egilsson og Sesselja Sigvaldadóttir ljósmóðir keyptu húsið öðru sinni árið 1880, en þau voru foreldrar Sigvalda Kaldalóns. Sigvaldi fæddist í húsinu og bjó þar fyrstu átta ár ævi sinnar.

Vaktarabærinn verur nýttur í útleigu til listamanna og ferðamanna og til ýmissa viðburða. HönnunarMars fer fram dagana 14. til 17. mars.

heida@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLÁÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölu menn: Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrirsson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariusson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



www.fasteignasalan.is

### Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða [audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Sími 824 7772

[audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is) Auður Kristinsdóttir

## Fallegt og vel hannað einbýli í Hafnarfirði

Þingholt kynnr: Glæsilegt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr og vandaðri verönd í Hafnarfirði, samtals 270 fm.

Húsið er með þremur rúm-góðum svefnherbergjum, stórum stofum og glæsilegu eldhúsi. Forstofan er flíslögð, góður fataskápur og gestasnyrtning. Rúmgott parkettlagt hol. Stofan er sömuleiðis parkettlögð en þaðan er útgangur út á stóra lokaða verönd með bekkjum og heitum potti.

Þrjú svefnherbergi, hvert um 20 fm að stærð, með skápum. Parkett á gólfum. Inn af hjónaherbergi er fataherbergi og flíslagt baðherbergi sem er með bæði hornbaðkari og sturtuklefa. Þvottahúsið er með góðri inn-



Húsið er búið vönduðum innréttingum og gólfefnum.

réttingu en þaðan er útgangur á baklöd og innangengt í bílskúrinn sem er breiður og góður með hita, rafmagni og vatni.

Húsið er glæsilegt í alla staði í

enda á lokaðri götu. Vandaðar innréttingu og hönnun.

Allar upplýsingar gefur Sigurður hjá fasteignasöluinni Þingholti í síma 616-8880 eða [sos@tingholt.is](mailto:sos@tingholt.is).



FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA

820 8081

Sylvía G. Walthersdóttir  
[sylvia@remax.is](mailto:sylvia@remax.is)

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
Lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
Lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
Lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
Sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
Lögræðingur



Ruth Einarsson  
Sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
Skjalagerð

Finndu okkur á Facebook 



**Langamýri - hæð með bílskúr**  
Góð neðri sérhæð með bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, barnaherbergi, sjónvarpshol, endurnýjað bað. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Flíslögð stofa og borðstofa með útgengi út í snyrtilegan garð. Fullbúinn bílskúr. Snyrtileg og vel umgengin eign á frábærum stað í Garðabæ. **V. 29,9 m.**



**Gullsmári - eldri borgarar.**  
Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílagæmslu. Íbúðin er á 9. hæð með miklu útsýni. Yfirbyggðar suðursvalir. Á jarðhæð er tengibygging sem í er fjölbreytt félagsstarf á vegum eldri borgara. Frábær staðsetning þar sem öll þjónusta er í göngufæri. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. **V. 29 m.**



**Holtsgata Hfj. - 2ja herb.**  
Vinalæg og töluvert mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á miðhæð við miðbæ Hafnarfjarðar. Heildarstærð 51,9 fm. Áhv. 11,6. millj. **Verð 14,9 millj.**



**Vindakór - 3ja með sólpalli.**  
Björt og rúmgóð um 100 fm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílagæmslu. Vandaðar innréttingar og fallegt parket á gólfum. Stór aflokaður suður-sólpallur út frá stofu. **Verð 25,9 millj.**



**Skeljagrandi - 2ja herb og bílsk.**  
Falleg, mikið endurnýjuð 68 fm íbúð með séringangi og meðfylgandi stæði í bílskýli. Gott skipulag, svefnherbergi, vinnuhol, vandað eldhús og stór stofa með útgang á vestur svalir. Laus til afhendingar. **Hagstætt verð - Áhv 15,5 m.**



**Þórðarsveigur - 3ja herb.**  
Mjög góð um 87 fm íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílagæmslu. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús og vinnuherb. innan íbúðar. Gott skipulag. **Verð 24,9 millj.**



**Birkihæð Garðabæ - raðhús.**  
Sérlega vandað og vel um gengið raðhús á einni hæð, alls 185,5 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni, stór suðursólpallur, fallegt útsýni og tvöfaldr bílskúr. Stórar stofur, mikil lofthæð og tvö herbergi. **Verð 55,0 milljónir.**



**Víðihlíð - 2ja íbúða raðhús**  
Vandað vel skipulagt 380 fm raðhús með aukabúð á neðstu hæð. Húsið sem er 300fm og telur 5 herbergi á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Aukabúð er 76,5fm á jarðhæð með séringangi, einkabílastæði og tilvalinn til útleigu. Byggingarár 1983. **V. 84,0 m.**



**Hvassaleiti - eldri borgarar**  
Í einkasölu 3ja herbergja 114,4 fm íbúð á fyrstu hæð (jarðhæð) með hellulagðri verönd í VR-blokkinni. Mikil þjónusta. Parket og flísar á gólfum. Gott skipulag. Íbúðin er laus strax við kaupsamning. Lyklar á skrifstofu. **Nánari upplýsingar veitir Gústaf Adolf lgt.**



**Skólastræti, 101 Rvk.**  
Neðri sérhæð í 2-býli við hliðina á MR, gengið inn frá Amtmannsstíg. Tvö svefnherbergi. Parket, flísar og korkur á gólfum. Sjarmerandi íbúð. Stór lóð í góðri rækt. Verönd. **Verð 28,5 millj.**





**Jón Guðmundsson**  
Söluafulltrúi  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þóroddsson**  
Söluafulltrúi  
pall@fastmark.is



**Viggó Sigursteinsson**  
Söluafulltrúi  
vigg@fastmark.is



**Elin D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### 2JA HERBERGJA



#### BRÆDRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **26,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### SKÚLAGATA- 55 ÁRA+. LAUS STRAX.

- 101,1 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Sér staði í bílageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 2 svefnherb.
- Flísalagðar yfirbyggðar svalir. **33,5 millj.**
- Hús nýviðgert að utan og málað.

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### FÁLKAGATA – REYKJAVÍK. 6 HERB.

- 131,6 fm. 6 herbergja íbúð á 2. hæð.
- Samliggjandi stofur. 4 herbergi. Suðursvalir.
- Hús nýlega viðgert og málað að utan.
- Lokaður bakgarður. Tilvalin eign fyrir barnafólk. **37,9 millj.**

### SÉRBÝLI



#### GNITAKÓR-KÓPAVOGI

- 343,8 fm. einbýli á tveimur hæðum að meðt. 36,0 fm. bílskúr.
- 131,0 fm. efrí hæð hússins er í dag ein íbúð.
- Tvær 85,0 fm. 2ja herb. íbúðir á neðri hæð.
- Húsið er vel staðsett á góðum útsýnisstað. **73,9 millj.**



#### BOÐAGRANDI- REYKJAVÍK.

- 85,0 fm. íbúð á jarðhæð auk sér staðis í lokuðu bílskúli.
- Útgangur á verönd út af eldhúsi og stofu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **27,0 millj.**



#### HÖRÐUKÓR-KÓPAVOGI.

- Góð 96,6 fm. íbúð á 11. hæð í álklaeddu fjölbýli.
- Frábært útsýni til suðausturs. Flísalagðar svalir.
- Opið eldhús með beyklinnrétt. 2 rúmgóð herbergi.
- Sér staði í lokuðu bílskúli. **26,6 millj.**



#### HÖRÐUKÓR 3- KÓPAVOGI. 4RA HERB.

- Björt og vel skipulögð 115,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 8. hæð.
- Stórar og bjartar stofur. Yfirbyggðar svalir.
- Frábært útsýni úr herbergjum, stofum og af svölum
- Sér staði í bílakjallara. **31,5 millj.**



#### HÓLAVALLAGATA- REYKJAVÍK.

- Virðulegt 380,0 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk bílskúrs.
- Þrjár samþykktar íbúðir.
- Mögulegt að byggja eina hæð ofan á húsið.
- Frábær staðsetning við Landakotstún.



#### RAUÐAVAÐ – REYKJAVÍK

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnngangur auk sér staðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottaherbergi innan íbúðar. **23,9 millj.**



#### SKIPASUND- REYKJAVÍK.

- Góð 70,9 fm. íbúð með sérinnngangi á jarðhæð.
- Björt stofa. Uppgerðar innréttingar í eldhúsi.
- Stór sameiginleg lóð í rækt. Hellulögð aðkoma.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **17,9 millj.**



#### RÁNARGATA – REYKJAVÍK.

- 82,1 fm. íbúð á 1. hæð í þessu fallega steinhúsi.
- Lítil stúdíóíbúð í kjallara.
- 2 svefnherbergi á hæðinni. Nýleg innrétting í eldhúsi.
- Eign sem er í útleigu í dag. Góðar leigutekjur. **30,5 millj.**



#### MÓAFLÖT-GARÐABÆ.

- 160,7 fm. raðhús auk 42,7 fm. bílskúrs.
- Hús mikið endurnýjað fyrir um 10 árum síðan.
- 3 svefnherbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð til suðurs og vesturs. **54,9 millj.**



#### JÖRFABAKKI- REYKJAVÍK

- 69,0 fm. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli í neðra Breiðholti.
- Stofa og borðstofa með útgengi á svalir.
- Þvottaherbergi inn af eldhúsi.
- Ytra býrði hússins er gott og í góðu viðhaldi. **15,7 millj.**



#### BREKKULÆKUR- REYKJAVÍK

- 106,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni 11,5 fm. sér geymslu.
- Stórar austursvalir út af stofu.
- Nýlegir gluggar, þak og skoplagirnir frá húsi. **28,5 millj.**
- Göngufæri í sundlaug. Stutt í alla þjónustu.



#### SAFAMÝRI- R.VÍK. NEÐRI SÉRHÆÐ.

- 118,6 fm. neðri sérhæð auk sér geymslu í kjallara.
- 28,4 fm. bílskúr, innréttaður sem stúdíóíbúð.
- 4 svefnherbergi.
- Svalir til suðurs og vesturs. **43,9 millj.**



#### HAUKANES – GARÐABÆ.

- 274,0 fm. einbýlishús að meðt. 63,0 fm. innb. tvöföldum bílskúr.
- Skemmtilega hönnuð eign.
- Opið eldhús með eyju. Fjögur herbergi. Gufubað.
- 1.554,0 fm. eignarlóð, vel staðsett og með góðu útsýni. **69,0 millj.**



## FÁFNISNES

### Fáfnisnes - Reykjavík

Nýlegt og vandað 199,7 fm einbýlishús á þessum eftirsóttu stað í Skerjafirðinum. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í samliggjandi flísalagðar stofur með arni, borðstofu, alrými, eldhús, sjónvarpsherbergi, 4 herbergi og vandað baðherbergi. Húsið stendur á 682,0 fm gróinni og ræktaðri eignarlóð með miklum veröndum og skjólveggjum. Hiti í innkeyrslu og stéttum framan við hús. . **Verð 89,0 millj.**



## LANGALÍNA

### LANGALÍNA 15-23 – SJÁLANDI GARÐABÆR – NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar íbúðir í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 15-23 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja frá 67 fm. til 157 fm. Ýmist með góðum svölum eða stórum timburverönd. Staði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðirnar verða afhentar í mars til september 2013 án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum. Innréttingar og innihurðir verða úr eik. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**



## SÉRBÝLI



### NESBALI-SELTJARNARNESI.

- Tvílyft um 236,5 fm. tvílyft raðhús að meðt. 37,0 fm. bílskúr.
- Búið að endurnýja öll gólfefni, innréttingar, skápa og hurðir.
- Stofa. Borðstofa. Sjónvarpsstofa. 4 svefnherbergi.
- Vönduð og mikið endurnýjuð eign.

57,5 millj.

## 4RA- 6 HERBERGJA



### NAUSTABRYGGJA – REYKJAVÍK.

- 210,6 fm. 7 herbergja íbúð á tveimur hæðum.
- Sér staði í bilageymslu.
- 5 svefnherbergi. Stofa með gólfsiðum gluggum.
- Glæsileg íbúð. Aukin lofthæð.

56,9 millj.

## ATVINNUHÚSNÆÐI

### ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU

1.500 fm. atvinnuhúsnæði á Höfuðborgarsvæðinu til sölu með langtímaleigusamningi við opinbera stofnun.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.



### JÖKLAFOLD- REYKJAVÍK.

- 190,5 fm. einbýlishús að meðt. 30,7 fm. samb. bílskúr.
- Húsið er timburhús, klætt með steniklæðningu.
- Stofa og borðstofa. 4 herbergi auk fataherbergis.
- Steypt aðkoma. Viðhaldslítill lóð með steyptri verönd.

47,9 millj.



### FISKAKVÍSL – REYKJAVÍK. 5 HERBERGJA.

- 127,1 fm. 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum.
- Vel staðsett innst í botnlanga. Afgirt skjólsæl verönd.
- 3 herbergi auk sjónvarpsherbergis.
- Sér merkt bílastæði fylgir íbúðinni.

32,5 millj.



### SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR-TIL LEIGU

- Um 100 fm. skrifstofuhúsnæði í góðu steinhúsi.
- Stór móttaka. 3 skrifstofuherbergi.
- Frábær staðsetning í miðborginni.
- Laust til afhendingar strax.

TILBOÐ ÓSKAST.



### ÁRAKUR - GARÐABÆ. GLÆSILEGT ENDARAÐHÚS.

- Glæsilegt 248,9 fm. endaraðhús með 29,4 fm. innb. bílskúr
- Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt.
- Allar innréttingar sérsmiðaðar og vandaðar. 5 herbergi.
- Svalir til vesturs og lóð til austurs og vesturs.

65,9 millj.



### STRAUMSALIR- KÓPAVOGI

- 5 herbergja 138,2 fm. íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi.
- 4 svefnherbergi. Um 12 fm. svalir í suðvestur.
- Mahogny í eldhúsinnréttingu, skápum og hurðum.
- Stórkostlegt útsýni.

36,9 millj.



### LÓNSBRAUT - HAFNARFIRÐI

- 175,0 fm iðnaðarhúsnæði.
- Stór salur með góðri lýsingu og innkeyrsludryrum.
- Afhending getur verið fljótlega.
- Vel staðsett á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði.

24,0 millj.



### KAMBASEL-REYKJAVÍK

- 188,9 fm. 5 herbergja raðhús að meðt. 20,8 fm. bílskúr.
- Opið nýlegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi.
- Aukin lofthæð í stofu. Arinstofa með útgengi á svalir.
- Eign sem hefur alla tíð fengið gott viðhald.

42,9 millj.



### SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innréttað eign. Sérsmiðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. Eikarparket og flísar.

49,0 millj.



### BALDURSGATA-VERSLUNARHÚSNÆÐI

- 70,5 fm. verslunarhúsnæði á gótuhað.
- Bjart opið verslunarymi, snyrting og kaffistofa.
- Flotuð gólf. Stórir gluggar. Aukin lofthæð.
- Staðsett rétt við Skólavörðustíg.

24,9 millj.



## ESKIHOLT

### Eskiholt-Garðabæ

Stórglæsilegt 375,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum frá frábærum útsýnisstað. Húsið er í mjög góðu ástandi að innan og utan og lóðin er falleg og ræktað með skjólgóðri verönd til suðurs, austurs og vesturs. Stórar og bjartar stofur. Arinstofa. Sjónvarpsstofa. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Eldhús með sérsmiðuðum innréttingum. Flísalagðar svalir. Tvöfaldur bílskúr.

Verð 99,0 millj.



## ÁRMÚLI

### Ármúli - skrifstofuhúsnæði

Mikið endurnýjað og gott 790,8 fm. skrifstofuhúsnæði í mjög góðu álfklæddu skrifstofuhúsi við Ármúla. Húsnæðið er á 3. og 4. hæð og hefur verið mikið endurnýjað á undantörnum árum og er í afar góðu ástandi. Skiptist í fjögur skrifstofurými. Þriðja hæðin skiptist í tvö um 235,0 fm rými og fjórða hæðin skiptist í tvö um 160,0 fm. rými. Fjöldi afstúkaðra skrifstofa, Stór opin vinnurými. Miklar og góðar töfúlagnir eru í húsnæðinu. Lóðin er frágengin og malbikuð og með góðum bílastæðum. Nánari upplýsingar veitir á skrifstofu.





Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
